# FRÉTTABLAÐIÐ

157. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 5. JÚLÍ 2018





Undirbúningur fyrir samstöðufund með ljósmæðrum, sem haldinn verður í húsakynnum ríkissáttasemjara í dag, var í fullum gangi þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gærkvöldi. Barnshafandi konur boðuðu til fundarins en þær eru afar ósáttar við hvernig launamálum ljósmæðra er háttað. Kjaradeila þeirra er í hnút og langt í land. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Forstjórar ósáttir við sleifarlag kjararáðs

**Ríkisforstjórar eru margir ósáttir við síðustu launaákvörðun kjararáðs. Margir fengu litla sem enga hækkun og telja sig eiga mikið inni miðað við sambærilega hópa. Ekki öll erindi afgreidd. FFR fundar um málið. Ekki mikill sómi að svanasöng kjararáðs, segir forstjóri.**

**KJARARÁÐ** „Mér finnst ekki mikill sómi að þessari niðurstöðu. Lögin um kjararáð tilgreina að ákvörðun skuli taka mið af launaþróun í landinu og hjá sambærilegum hópum. Hún hefur verið mun meiri en þrjú prósent,“ segir Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga og settur framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, um ákvörðun kjararáðs sem birtist í fyrradag.

Margir forstöðumenn bera þar skarðan hlut frá borði og eru ósáttir við niðurstöðuna. Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) mun funda um afgreiðslu kjararáðs eftir helgi. Formaður félagsins, Gissur Pétursson, segir að ekki hafi allir fengið svar við erindum sínum.

„Það er allt með miklum ólíkindum í kringum þetta sáluga ráð. En ég ætla að í það minnsta þeir sem ekkert svar hafa fengið séu mjög ósáttir. Þessi afgreiðsla er mjög almenn og allur pakkinn tekinn í heilu lagi. Hver og einn forstöðumaður er að leggja fram rök fyrir sínu máli en svo er öllum erindunum safnað saman og svarað á einu bretti. Ég er raunar mest hissa á að þeim hafi verið svarað, ég hafði gefið upp alla von,“ segir Gissur.



**Gissur Pétursson, formaður FFR.**

Forstjórar sem Fréttablaðið hefur rætt við segja niðurstöðuna valda vonbrigðum og vera langt undir launaþróun. Mörg erindanna lágu á borði kjararáðs um árabil og langt var síðan margir fengu síðast ákvörðuð laun. Þrátt fyrir það var uppskeran rýr hjá mörgum sem gagnrýna ógagnsæja og ófullnægjandi málsmeðferð ráðsins.

Forstjórarnir telja að í einhverjum tilvikum hafi verið um verðskuldaðar hækkanir að ræða en á öðrum stöðum hafi afgreiðsla málsins verið með ólíkindum. Röksemda að baki erindum hafi í engu verið getið og ekkert tillit tekið til þeirra. Um „málamyndaafgreiðslu“ hafi verið að ræða. Þá hafi hækkanirnar sem fram koma oftar en ekki verið fjarri því að halda í við launaþróun.

„Það er nánast að mann langi til að vera bara starfsmaður á plani hérna fyrir sömu laun og minni ábyrgð,“ segir einn þeirra.

**– smj, jóe /** **sjá síðu 8**

## 2,5 milljarða sala hjá H&M

**VIÐSKIPTI** Sænska verslanakeðjan H&M seldi fyrir ríflega 2,5 milljarða króna hér á landi frá því að keðjan opnaði fyrstu verslun sína hér á landi í lok ágúst í fyrra til loka maímánaðar.

Um er að ræða tvær verslanir; í Kringlunni og Smáralind, og hefur meðalvelta á verslun á dag því verið um 4,5 milljónir króna. Salan dróst aðeins saman frá opnun þegar hún nam tæplega 670 milljónum króna frá byrjun mars til loka maí síðastliðins, samanborið við 965 milljóna króna veltu frá byrjun september til loka nóvember í fyrra.

Stefnt er að opnun þriðju H&M verslunarinnar hér á landi á Hafnartorgi í miðbæ Reykjavíkur.

**– kij /** **sjá síðu 10**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Læknar standa vaktina, skrifar formaður Læknafélags Íslands. 18

**SPORT** Aron Rafn býst við að skrifa undir hjá Hamburg á allra næstu dögum. 22

**MENNING** Þjóðlagahátíð er haldin í 19. sinn á Sigló. Gunnsteinn Ólafsson segir erlenda listamenn sækjast eftir þátttöku. 30

**LÍFIÐ** KSÍ vildi ekki leigja tónleikahöldurum Guns N'Roses Laugardalsvöll nema með fyrirframgreiðslu. 42




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LANDSMÓT UMFÍ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hvöss norðvestanátt fram eftir degi og rigning á norðausturhorninu, en mun hægari og léttir til sunnan og vestan til. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast suðaustanlands, en svalara á Norður- og Austurlandi. SJÁ SÍÐU 28



**Regnhlífar eru algeng sjón í höfuðborginni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Áfram bið eftir betra tíðarfari

**VEÐUR** Líkur eru á að veðrið á suðvesturhorni landsins muni ekki batna fyrr en í fyrsta lagi seinni hluta mánaðarins. Veðrið í júní var einkar óhagfellt íbúum höfuðborgarinnar og nærsveita á meðan veðurguðirnir hafa svo sannarlega hugsað hlýlega til íbúa á Norður- og Austurlandi.

Óli Þór Árnason, veðurfræðingur á Veðurstofunni, segir lægðirnar koma upp að landinu nánast í áætlunarferðum og bera með sér kalt loft og vætutíð á suðvestanverðu landinu. „Ef við horfum á suðvesturhornið þá verður þetta svona áfram inn í júlímánuð. Það verður svolítið þannig næstu tvær vikur,“ segir Óli Þór.

**8,7°C**

**var meðalhitinn í júní.**

Meðalhiti í júní var 8,7 gráður eða 0,4 gráðum undir meðaltali áranna 1961 til 1990, og nærri tveimur gráðum undir meðaltali síðustu tíu ára. Ekki hefur verið eins kalt í júnímánuði síðan 1997 og þá hefur aðeins sex sinnum mælst meiri rigning í Reykjavík í júnímánuði. Einnig mældust afar fáar sólarstundir í Reykjavík og hefur sólskinið ekki verið minna síðan árið 1914. **– sa**

## Pollarnir spila af krafti



Um tvö þúsund strákar eru mættir til Akureyrar til að taka þátt á hinu árlega N1-móti í knattspyrnu. Alls munu 188 lið etja kappi á mótinu sem stendur fram á laugardag. Mótið er nú haldið í 32. sinn og er alltaf jafn vinsælt. Leikgleðin skein úr augum strákanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Hjólakeppni sýnir breytingar á loftslaginu

**VÍSINDI** Hópur belgískra vísindamanna við Háskólann í Ghent hefur skráð afleiðingar loftslagsbreytinga með því að horfa á myndskeið af hjólakeppni í Flæmingjalandi í norðurhluta Belgíu í aprílbyrjun á tímabilinu 1981 til 2016. Fyrir 1990 voru næstum engin tré á leið keppenda laufguð. Eftir 1990 hafa trén laufgast æ fyrr en meðalhitinn hefur hækkað um 1,5 gráður á svæðinu frá 1980.

Stjórnandi rannsóknarinnar bendir á að vissar trjátegundir dafni betur þegar þær laufgast snemma. Hins vegar varpi trén skuggum á nærumhverfið í lengri tíma. Það geti haft áhrif á aðrar jurtir og dýr. Blóm sem vaxa undir trjánum blómstri kannski ekki ef þau fá ekki næga birtu. Afleiðingarnar geti orðið þær að skordýr fá ekki hunangslög úr blómunum. Röskun verði sem sagt á vistkerfinu. **– ibs**

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíumskorts

- Lítil orka
- Þróttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Kölkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Pirringur




Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

www.mammaveitbest.is

# Eftirlit með Airbnb skilað fjölda skráninga

**Aðeins rétt rúm vika er síðan eftirlit með heimagistingum hér á landi var aukið. Nýjar skráningar eru 75 talsins og búist er við að þeim muni fjölga jafnt og þétt. Ráðherra útilokar ekki frekari aðgerðir og vill móta heildstæðari umgjörð.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Aukið eftirlit með heimagistingu hefur skilað 75 nýskráningum á einni viku. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, og Þórhólfur Halldórsson, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu, samþykktu þann 27. júní síðastliðinn að auka við mannafla hjá embætti sýslumanns með það fyrir augum að efla eftirlit með skráningum heimagistinga. Um var að ræða samning sem kveður á um 64 milljóna króna fjárveitingu til embættisins.

„Níutíu daga reglan þarf að opnast til framkvæmda og þá þarf fólk að skrá sig. Þannig getum við spilað eftir reglunum,“ segir Þórdís Kolbrún í samtali við Fréttablaðið. Öllum þeim sem leigja íbúð í skammtímaleigu er gert að sækja um rekstrarleyfi, en undantekning er gerð ef leigja á út fasteign í minna en níutíu daga á ári, þó skylda sé að skrá slíka starfsemi í gegnum vef sýslumanns.

„Það er ósanngjarnt gagnvart löglegum rekstri að menn komist upp með að spila ekki eftir reglunum. Ég batt miklar vonir við þetta samstarf við sýslumann og vænti þess að við myndum sjá stóraukinn fjölda skráninga heimagistingar og því er það mjög gleðilegt að þetta sem komið er hafi gerst á svona skömmum tíma,“ segir hún og bætir við að áfram verði skoðað hvernig bæta megi umgjörð gististarfsemi.

„Við höldum áfram að skoða málefni tengd gististarfsemi með öðrum ráðuneytum, skattinum og öðrum aðilum stjórnkerfisins sem hafa það sameiginlega verkefni að móta heildstæða umgjörð og eftirlit með heimagistingu.“



**Þórdís Kolbrún ætlar að halda áfram að skoða gististarfsemi hér á landi og hyggst fá önnur ráðuneyti að borðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Það er ósanngjarnt gagnvart löglegum rekstri að menn komist upp með að spila ekki eftir reglunum.**
>
> Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar

Um fjögur hundruð ábendingar um leyfislausar heimagistingar voru á borði sýslumannsins þegar ákveðið var að auka eftirlitið. Starfsfólki sem annast eftirlitið var fjölgað úr þremur í ellefu en ríkisstjórnin taldi þess þörf í ljósi fjölgunar heimagistinga. Slíkar gistingar hafa sótt mjög í sig veðrið að undanförnu, og þá einna helst í gegnum leiguvefinn Airbnb. Aðeins hefur hægt á vexti tekna vegna útleigu íbúða á Airbnb en á fyrstu þremur mánuðum þessa árs voru tekjurnar fjórir milljarðar, samanborið við þrjá milljarða króna í fyrra. Reykjavík er sú höfuðborg í Vestur-Evrópu sem er með næstflestar Airbnb-skráningar miðað við höfðatölu, á eftir Lissabon í Portúgal. Áætlað er að um sex þúsund íbúðir séu í útleigu á airbnb, þar af um 1.500 til 2.000 í stöðugri útleigu, að því er fram kemur í skýrslu Íbúðalánasjóðs.

**sunnak@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# PALLAEFNI ÚTSALA

## 25% afsláttur

27x95 mm, 4 metrar, vnr. 628640

AB gagnvarin fura
27x95 mm, 4 metrar.
Geggjað verð
628640

**175 kr/lm**

~~234~~ kr/lm

**35% afsláttur** Blómakassar

**15% afsláttur** Garðhús

**37% afsláttur** Staurahattar

**35% afsláttur** Skjólgirðing Vilnius

**30% afsláttur** Gaddavír

**20% afsláttur** Pallaolía

**37% afsláttur** Blómakassar

Komdu og fáðu útsölutilboð í pallinn

JOTUN
Treolje
Tråolja/Træolie

Byggjum á betra verði

www.husa.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.

# Segja aðgerðalaus stjórnvöld stefna árangri í voða

**KJARAMÁL** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og samninganefnd ríkisins þurfa að beita sér af alvöru í því verkefni að koma fram með nýjar og betri aðferðir við að semja við heilbrigðisstéttir um launakjör.

Þetta segir Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga í yfirlýsingu vegna kjaradeilu ljósmæðra. Bjarni lét hafa eftir sér í vikunni að aðferðir Íslendinga við að ná fram niðurstöðu í kjaradeilum væru meingallaðar.

Birting fjármálaráðuneytisins á launatölum ljósmæðra og samanburði við aðrar stéttir hefur vakið hörð viðbrögð og er ráðherrann sakaður um að að hella olíu á eldinn í viðkvæmri og alvarlegri deilu. Hjúkrunarfræðingar segja tölurnar ekki gefa rétta mynd.

„Ljósmæður eru að hætta störfum, uppsagnir hafa tekið gildi og eru fleiri uppsagnir yfirvofandi. Hjúkrunarfræðingar hafa horft upp á það í lengri tíma að hjúkrunarfræðingar eru að hætta í starfi, fara í önnur betur launuð störf og sífellt fleiri hjúkrunarfræðinga vantar til starfa. Skrifaðar hafa verið skýrslur, m.a. af Fíh og Ríkisendurskoðun um málið þar sem lagðar eru til leiðir til að bregðast við en lítið ber á raunverulegum aðgerðum til þess að breyta þessu ástandi. Það sama virðist vera að gerast hjá ljósmæðrum,“ segir í yfirlýsingu hjúkrunarfræðinga.

Minna þeir á að íslensk stjórnvöld beri ábyrgð á að landsmenn njóti fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu og að ljósmæður eigi stóran hlut í þeim árangri sem náðst hafi á síðustu áratugum í ungbarna- og mæðravernd.

„Þeim árangri er stefnt í hættu með aðgerðaleysi íslenskra stjórnvalda. Staðan er grafalvarleg og skorar Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga því á fjármálaráðherra og samninganefnd ríkisins að ganga nú þegar til samninga við ljósmæður.“ **– smj**



**Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Fíh.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Þyrla Landhelgisgæslunnar við Úlfljótsvatn.** MYND/LANDHELGISGÆSLAN

## Gæslan kölluð út í þrígang

**SLYS** Tveir voru fluttir á slysadeild eftir bílveltu við Úlfljótsvatn á Þingvöllum á sjötta tímanum í gærkvöldi. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út á hæsta forgangi vegna slyssins en ekki hafa fengist upplýsingar um líðan hinna slösuðu. Skömmu áður hafði þyrlan verið kölluð út vegna konu sem lærbrotnaði í Reynisfjöru, en í ljósi alvarleika bílveltunnar var önnur þyrla send í Reynisfjöru. Alls var þyrlan kölluð þrisvar út í gær, en fyrsta útkallið var um hádegisbil vegna veikinda. **– sks**

## Lögmaður dró sér fé úr dánarbúi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Suðurlands dæmdi í fyrradag lögmann í tveggja ára fangelsi fyrir að hafa dregið sér rúmar 53 milljónir í starfi sínu sem skiptastjóri dánarbús. Fjármunina nýtti hann til reksturs lögmannsstofu sinnar og eigin nota. Brotin stóðu yfir frá 2013 til 2016.

Lögmaðurinn játaði brot sitt skýlaust fyrir dómi og bar við áfengis- og vímuefnafíkn sem hann hafi glímt við á þessum tíma. Hann hefur látið af lögmannsstörfum og var litið til þess við ákvörðun refsingar. Það var metið honum til refsiþyngingar að um stórfelld og ítrekuð brot var að ræða í opinberu starfi sem ollu erfingjum búsins fjártjóni.

Maðurinn var dæmdur til að endurgreiða hið illa fengna fé. Þá var hann ekki sviptur lögmannsréttindum sínum þar sem hann hafði þegar skilað þeim inn. **– jóe**

# Tími kominn til að friða miðborgina sem íbúðahverfi

**Unnið er að gerð nýrrar ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar sem leysa á stefnu frá 2011 af hólmi. Formaður Íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur segir löngu tímabært að setja skýrar reglur um sambúð ferðaþjónustunnar og íbúa borgarinnar. Áskorun að tryggja góða sambúð milli ferðaþjónustunnar og borgarbúa.**

**REYKJAVÍK** „Ég fagna því að það sé verið að ræða saman og taka stöðuna á þessum málum. Það er löngu tímabært. Við þurfum skýrar og einfaldar reglur sem farið er eftir um hvernig þetta eigi að vera. Í gegnum tíðina hefur þetta verið svolítið stjórnlaust,“ segir Benóný Ægisson, formaður Íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur, um vinnu við nýja ferðamálastefnu borgarinnar.

Að sögn Örnu Schram, sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, hafa undanfarnar vikur verið stigin fyrstu skrefin í vinnu við nýja ferðamálastefnu borgarinnar. Liður í þeirri vinnu var samráðsfundur með íbúum sem fram fór á þriðjudagskvöld en fram undan er meðal annars samráðsfundur borgarinnar með aðilum í ferðaþjónustu.

Nýja stefnan mun leysa eldri stefnu frá 2011 af hólmi. „Eins og allir sjá hefur ferðaþjónustan vaxið mjög á þeim árum sem liðin eru og tímabært að móta nýja sýn og skilgreina betur nýjar áskoranir og finna leiðir til að mæta þeim. Við viljum stuðla að enn betri sátt milli borgarbúa og ört vaxandi ferðaþjónustu,“ segir Arna.

Benóný bendir á að miðborg Reykjavíkur sé stærsti ferðamannastaður landsins. „Það kreppir mest að okkur, íbúum miðborgarinnar. Við erum að missa unga fólkið héðan því það hefur ekki lengur efni á að búa hér. Það er kominn tími til að friða miðborgina sem íbúðahverfi,“ segir Benóný.

Hann segir nauðsynlegt að samræða eigi sér stað milli íbúa, ferðaþjónustunnar og borgarinnar.



**Frá samráðsfundi borgarinnar með íbúum vegna vinnu við nýja ferðamálastefnu. Benóný Ægisson, formaður Íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur, segir nauðsynlegt að íbúar, ferðaþjónusta og borgin tali saman.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Dæmi um fyrirmynd að því hvernig eigi að vinna hlutina sé takmörkun á umferð hópferðabíla í miðborginni sem samþykkt var á síðasta ári.

„Þarna unnu ferðaþjónustan og íbúar saman að tillögum og svo kom stýrihópur frá borginni inn í málið. Við þurfum að skoða fleiri hluti með þeim gleraugum. Ég er á því að með samráði getum við gert þetta þannig að við getum öll verið hér. Þetta er ekki stórt svæði og það þarf ekki mikið að breytast til að það verði varla hægt að búa hér,“ segir Benóný.

Arna segir áskorun felast í því að tryggja góða sambúð milli ferðaþjónustu og borgarbúa. Meðal þeirra þátta sem íbúar nefni í því samhengi sé mikilvægi hreinlætis, sorphirðu og þrifa á götum. Einnig hafi ýmsir áhyggjur af einsleitri þjónustu og verslun í miðborginni og mögulegum neikvæðum áhrifum heimagistingar.

„Þetta er víðfeðm stefna en við viljum hafa hana raunsæja. Henni mun fylgja aðgerðaáætlun og innleiðingaráætlun. Borgarstjórn þarf auðvitað að samþykkja stefnuna en við vonumst til að þetta klárist næsta vetur.“

**sighvatur@frettabladid.is**





ORF LÍFTÆKNI

ORF Líftækni hf., kt. 420201-3540, boðar hér með til hluthafafundar fimmtudaginn 12. júlí næstkomandi kl. 16:00 í aðalstöðvum félagsins, Víkurhvarfi 7, 203 Kópavogi.

**Dagskrá:**

1 | Setning fundar, skipun fundarstjóra og fundarritara

2 | Tillaga stjórnar til breytingar á samþykktum félagsins sem felur í sér að stjórn verði heimilt að gefa út breytanleg skuldabréf í samræmi við 48. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög

3 | Önnur mál löglega upp borin

Frekari upplýsingar veitir yfirlögfræðingur félagsins, Marta Blöndal, með tölvupósti á martab@orf.is.

5. júlí 2018,

Stjórn ORF Líftækni hf.


# Pólverji áfram í löngu farbanni

**DÓMSMÁL** Landsdómur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um farbann yfir pólskum karlmanni til 14. desember næstkomandi. Maðurinn var upphaflega úrskurðaður í farbann þann 23. október í fyrra eftir að lögreglan hér á landi hafði haft afskipti af honum. Þegar hann var handtekinn kom í ljós að maðurinn var eftirlýstur í heimalandinu fyrir stórfelld fíkniefnabrot.

Lögreglu barst framsalsbeiðni frá pólskum yfirvöld í Bialystok í Póllandi í gegnum upplýsingakerfi Schengen ásamt evrópskri handtökuskipun. Maðurinn er eftirlýstur fyrir brot sem geta varðað allt að 12 ára fangelsi samkvæmt pólskum lögum. Hann er grunaður um meðferð, vörslu og sölu og dreifingu á miklu magni af fíkniefnum. Þar á meðal einu kílógrammi af kannabisplöntum og -efnum og talsverðu magni af amfetamíni.




**Maðurinn var eftirlýstur fyrir stórfelld fíkniefnalagabrot.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Maðurinn hefur verið búsettur hér á landi og kom hingað í atvinnuleit en þar sem hann andmælti framsalsbeiðni pólskra yfirvalda og mál hans mun fyrirsjáanlega taka langan tíma í meðförum íslenskra stjórnvalda telur ríkissaksóknari nauðsynlegt að tryggja nærveru hans hér meðan framsalsmálið er til meðferðar. Ætla megi að hann reyni að flýja land. Á það féllst Landsdómur líkt og héraðsdómur þar áður og sætir maðurinn því farbanni í hálft ár til viðbótar. **– smj**




# Heima

Fáðu þér Heima, allt í einum pakka fyrir heimilið.
Bestu fjarskiptin sem við höfum upp á að bjóða og sjónvarpsáskrift sem hentar þér.

**Verð frá 12.990 kr. á mánuði.**

**Kynntu þér málið á Vodafone.is**

## Afþreying

- Þú velur á milli: Stöð 2, Stöð 2 Maraþon, Stöð 2 Sport, Golfstöðin, Skemmtipakkinn, Sportpakkinn eða Risapakkinn.

MARAÞON Krakkar BÍÓ SPORT Golfstöðin hopster 3 CIRKUS

+ yfir 60 erlendar stöðvar

## Nýr Samsung UHD/4K myndlykill

- Vodafone Sjónvarp
- Leigan, Frelsi, Tímavél og Vodafone PLAY appið

## Internet

- 1000 Mb/s, ávallt mesti hraði
- Ótakmarkað gagnamagn

## Heimasími

- Ótakmarkað í alla farsíma og heimasíma á landinu
- Ótakmarkaðar mínútur til útlanda

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone

## Dönskunni misvel tekið

**MENNTAMÁL** Skiptar skoðanir eru á meðal landsmanna á því hvort hætta eigi dönskukennslu í grunnskólum landsins og kenna annað tungumál í staðinn. Svarendur í könnun MMR skiptust í jafnar fylkingar í afstöðu sinni, en 38 prósent voru andvíg og 38 prósent fylgjandi breytingum á tungumálakennslu. Þar af voru 18 prósent mjög andvíg og 21 prósent mjög fylgjandi. And-

**21%**
mjög fylgjandi.

**18%**
mjög andvíg.

staða við breytingar á kennslu jókst með aukinni menntun, en tæp 52 prósent háskólamenntaðra sögðust frekar eða mjög andvíg breytingum á dönskukennslu. Þá voru konur líklegri til þess að segjast andvígar því að dönskukennslu yrði hætt og stuðningsfólk Viðreisnar líklegast til þess að vera fylgjandi þeirri hugmynd að kenna annað tungumál í stað dönsku. – **sks**

## Hákon tekur við af Halldóru

**STJÓRNSÝSLA** Hákon Sigursteinsson, sálfræðingur og deildarstjóri skólaþjónustu í Breiðholti, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur. Hann tekur við af Halldóru Gunnarsdóttur, sem sagði starfi sínu lausu í mars síðastliðnum. Hákon mun hefja störf sem framkvæmdastjóri um miðjan ágúst. Níu umsóknir bárust um stöðuna en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka.



**Hákon Sigursteinsson sálfræðingur og deildarstjóri skólaþjónustu í Breiðholti**

Hákon lauk embættisprófi í sálfræði frá Háskólanum í Árósum árið 1996 með áherslu á vinnusálfræði. Hann hóf störf sem skólasálfræðingur á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur árið 1997 og varð síðar deildarstjóri sálfræðideildarinnar árin 1999 til 2005 og yfirmaður allra sálfræðinga í grunnskólum á vegum Reykjavíkurborgar. – **ósk**

## Netta grunuð um græsku

**ÍSRAEL** Höfundar lagsins Toy, sem sigraði í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Eurovision, í maí síðastliðnum, gætu átt yfir höfði sér kæru fyrir ritstuld. Eitt stærsta tónlistarfyrirtæki heims, Universal Music Group, segir lagið Toy vera sláandi líkt laginu Seven Nation Army með White Stripes, sem gerði garðinn frægan á síðustu öld.

Universal er eitt stærsta tónlistarfyrirtæki heims og hefur haft ótal þekkta tónlistarmenn og konur á sínum snærum. Samkvæmt reglum Eurovision verður sigurlagið að vera frumsamið og ef úr verður skorið að höfundar Toy hafi stolið því gæti niðurstaðan orðið sú að keppnin verði ekki haldin í Ísrael að ári liðnu. – **bsp**

## Lífróður eftir ferjuslys



Farþegaferja sökk undan ströndum Selayar-eyjar í Indónesíu á þriðjudag. The Guardian greinir frá því að 31 farþegi að minnsta kosti hafi látið lífið af þeim 139 sem voru um borð. Nokkurra er enn saknað. Mannskæðir skipsskaðar hafa því miður verið algengir undan ströndum Indónesíu að undanförnu. Á þriðjudag var ákveðið að hætta að leita að 164 farþegum sem saknað hefur verið frá 18. júní eftir annað ferjuslys. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Víðtækar heimildir um vinnslu persónuupplýsinga settar í lög

**Fagráðuneytin bregðast við nýjum lögum um persónuvernd með breytingum á fjölmörgum lögum til að tryggja opinberum stofnunum lagaheimildir til vinnslu persónuupplýsinga.**

**SAMFÉLAG** Vegna hertra reglna í nýjum persónuverndarlögum er unnið að breytingum á ýmsum lögum í fagráðuneytum til að tryggja opinberum stofnununum ótvíræða lagaheimild til vinnslu persónuupplýsinga.

Þegar er komið til kynningar á vef Stjórnarráðsins frumvarp um heimildir nokkurra stofnana sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Í drögunum er í nokkrum tilvikum um að ræða heimildir til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Þannig hefur Þjóðskrá Íslands heimildir til vinnslu persónuupplýsinga um heilsufar fólks, þjóðernislegan uppruna, trúarbrögð, hjúskaparstöðu og fleira. Vegagerðin fær heimild til vinnslu fjárhagsupplýsinga og Samgöngustofa fær heimildir til vinnslu heilsufarsupplýsinga, upplýsinga um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun og upplýsinga um refsiverða háttsemi. Í öllum tilvikum er um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða.

„Í frumvarpinu er verið að leggja til þær lágmarksbreytingar sem gera þarf á lögum, sem heyra undir ráðuneytið, til að ná markmiðum sem felast í nýjum persónuverndarlögum," segir í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Sett eru stíf skilyrði fyrir vinnslu persónuupplýsinga og sérstaklega ef um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga er að ræða. Í 11. gr. nýju persónuverndarlaganna kemur fram að vinnsla slíkra upplýsinga hjá opinberum stofnunum skuli fara fram á grundvelli laga sem kveði á um viðeigandi og sérstakar ráðstafanir til að vernda grundvallarréttindi og hagsmuni hins skráða.

Ekki er í frumvarpsdrögum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins kveðið á um neinar ráðstafanir af framangreindum toga til að vernda grundvallarréttindi og hagsmuni hins skráða við vinnslu þeirra viðkvæmu persónuupplýsinga sem þar um ræðir.

„Það hvernig hver stofnun fyrir sig gerir viðeigandi og sérstakar ráðstafanir til að vernda grundvallarréttindi og hagsmuni hins skráða er ekki til umfjöllunar í frumvarpinu sem slíku," segir meðal annars í svari ráðuneytisins við fyrirspurn blaðsins vegna þessa. Í svarinu er hins vegar vísað til ýmissa ráðstafana sem stofnanir hafa nú þegar gripið til eða muni gera til að tryggja og vernda grundvallarréttindi fólks.

Í frumvarpinu er heldur ekki kveðið á um hver tilgangur vinnslunnar sé að öðru leyti en með tilvísun til lögbundins hlutverks viðkomandi stofnunar. Til að grennslast fyrir um hið lögbundna hlutverk sem geri vinnsluna nauðsynlega þarf eftir atvikum að leita í önnur sérlög.

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Þjóðskrá Íslands fær lagastoð í 1. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu. Stofnunin vinnur með ýmsar viðkvæmar persónuupplýsingar sem ekki lúta allar að skráningu í þjóðskrá heldur varða ýmis önnur verkefni stofnunarinnar samkvæmt sérlögum og leita þarf þangað eftir tilgangi vinnslunnar. Þannig gæti sá sem vill glöggva sig á lagagrundvelli, tilgangi, umfangi og verndarráðstöfunum vegna tiltekinnar vinnslu persónuupplýsinga þurft að lesa sér til í nokkrum ólíkum lagabálkum.

Tilgangur vinnslu heilsufarsupplýsinga hjá Þjóðskrá kemur fram í lögheimilislögum, segir Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár Íslands. Fólki, sem búi lengi erlendis, beri að skrá lögheimili sitt þar. Undanþága er gerð vegna þeirra sem dvelja erlendis vegna veikinda og vinnslan lúti að skráningum þar að lútandi.

Aðspurð um hvort íslenskir ríkisborgarar séu skráðir eftir þjóðernislegum uppruna sínum, segir Margrét að fæðingarstaður sé meðal þeirra upplýsinga sem skráðar eru í þjóðskrá og það sé ástæðan fyrir því að heimild til vinnslu þessara upplýsinga er sett í lögin.

**adalheidur@frettabladid.is**

### Dæmi um fyrirhugaðar lagaheimildir stofnana til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga

**Innheimtustofnun sveitarfélaga**
- Heilsufarsupplýsingar
- Fjárhagsupplýsingar
- Upplýsingar um félagslega erfiðleika

**Ástæður vinnslu um heilsufar**
Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir meðlagsgreiðslur og getur veitt greiðslufresti af heilsufarsástæðum eða vegna félagslegra erfiðleika.

**Samgöngustofa**
- Heilsufarsupplýsingar
- Upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun
- Upplýsingar um refsiverða háttsemi

**Vinnsla um vímuefnanotkun**
Þótt vænta megi að vinnslan tengist leyfisveitingum er ekki gerð grein fyrir tilgangi og nauðsyn vinnslu umræddra upplýsinga í greinargerð frumvarpsins.

**Þjóðskrá**
- Heilsufarsupplýsingar
- Upplýsingar um þjóðernislegan uppruna
- Upplýsingar um trúarbrögð
- Upplýsingar um hjúskaparstöðu

**Upplýsingar um trúarbrögð**
Haldið er utan um skráningu á trúarbrögðum og fjölda fólks í hverju trúfélagi, hvað trúfélög eiga að fá mikið af sóknargjöldum en það fer eftir fjölda safnaðarmeðlima hverju sinni.

> **Hvernig hver og ein stofnun fyrir sig gerir viðeigandi og sérstakar ráðstafanir til að vernda grundvallarréttindi er ekki til umfjöllunar í frumvarpinu sem slíku.**
>
> Úr svari ráðuneytisins




**Nýtt frá Jimmy Choo á TaxFree dögum í Hagkaup.**
Jimmy Choo FEVER fyrir hana og Jimmy Choo Man Blue fyrir hann.
**Komdu og prófaðu mögulega þá bestu hingað til frá Jimmy Choo.**

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Svanasöngur kjararáðsins

**Kjararáð hækkaði laun 48 forstöðumanna í síðasta mánuði. Frumvarp um nýtt fyrirkomulag launa verður lagt fram í haust. Mikill munur á hækkunum.**

Jóhann Óli Eiðsson
joli@frettabladid.is



**KJARAMÁL** Síðasta verk kjararáðs var að hækka laun 48 forstöðumanna ríkisstofnana. Vegin meðaltalshækkun vegna starfanna er 10,8 prósent en hækkunin er þó misjafnlega há eftir því um hvaða starf ræðir. Launaákvörðunin er afturvirk til 1. desember í fyrra.

Áður en Alþingi fór í sumarfrí samþykkti það að leggja kjararáð niður. Kjararáð hætti því störfum 1. júlí. Á þeim tímapunkti lágu 48 erindi, sem vörðuðu einstök störf, hjá kjararáði sem þurfti að afgreiða áður en ráðið lyki störfum. Stærstur hluti þeirra erinda hafði borist á árunum 2016 og 2017 en tvö þeirra höfðu borist fyrir það tímamark.

Ákvörðun um launin var tekin á fundi ráðsins 14. júní en úrskurðurinn var birtur í fyrradag. Úrskurðurinn er athyglisverður fyrir margra hluta sakir. Í fyrsta lagi er óvanalegt að svo mörg embætti séu skeytt saman í einn úrskurð. Í annan stað er þess getið í upphafi úrskurðar að fjármála- og efnahagsráðuneytinu hafi verið gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna hverts og eins erindis. Þegar greinargerð ráðuneytisins lá fyrir var viðkomandi gefinn kostur á að koma fram athugasemdum við efni hennar. Í úrskurðinum er þess getið að margir hafi sent ráðinu athugasemdir sínar í framhaldi af því auk þess sem sumir óskuðu eftir fundi með ráðinu.

Því næst rekur úrskurðurinn störfin sem um ræðir, ábyrgð sem þeim fylgir og skyldur sem viðkomandi þarf að rækja. Hins vegar er athugasemda viðkomandi og í hverju þær fólust í engu getið. Þá er hækkun hvers og eins ekki rökstudd frekar en að vísa til hlutverks og umfangs viðkomandi stofnunar.

Sem fyrr segir er vegin meðaltalshækkun sem í úrskurðinum felst 10,8 prósent. Umtalsverður munur er hins vegar á hæstu og lægstu hækkunum. Hæstu prósentuhækkunina fær ríkisskattstjóri, 26,7 prósent, en ekki hefur verið úrskurðað um laun hans frá árinu 2010. Hæstu krónutöluhækkunina fær forstjóri Landspítalans, tæpar 498 þúsund krónur, en úrskurðað var um laun hans sama ár. Laun þeirra hafa ekki tekið breytingum fyrir utan almennar hækkanir kjararáðs. Lægstu hækkunina fá þjóðminjavörður og forstöðu Náttúruminjasafnsins, tæp tvö prósent.

Hæstu hækkanirnar eru því marki brenndar að ekki hefur verið úrskurðað um laun embættisins í langan tíma. Í um fjórðungi tilfella hafði kjararáð til að mynda aldrei tekið mál viðkomandi embættis til úrskurðar og því giltu um það úrskurðir uppkveðnir af fyrirrennara ráðsins, hinni sálugu kjaranefnd.

Þá er fjöldi fastra yfirvinnueininga forstjóra Landspítalans áhugaverður. Samkvæmt nýjum úrskurði fjölgar þeim úr hundrað í 135. Hækkunin vegna þess ein og sér nemur 335 þúsund krónum. Fjöldi yfirvinnueininganna er einnig einsdæmi meðal þeirra starfa sem undir kjararáð heyra en hann er tæplega þrefalt hærri en hjá þeim embættum sem næst á eftir koma. Könnun Fréttablaðsins leiðir í ljós að næstur á eftir forstjóra Landspítalans sé forseti Hæstaréttar með 55 einingar. Þar á eftir fylgja meðal annars forstjóri Samkeppniseftirlitsins og skrifstofustjóri Alþingis með fimmtíu einingar. Yfirvinnueiningar þessar eru greiddar alla mánuði ársins, líka í sumarleyfi embættismanns.

Hér til hliðar má sjá breytingu á heildarlaunum að teknu tilliti til fastra yfirvinnueininga.



**Jón Atli Benediktsson**
rektor Háskóla Íslands
**1.634.723 kr.**
**Hækkun:** 311.152 kr. 23,5%
**Síðast:** 2007



**Haraldur Johannessen**
ríkislögreglustjóri
**1.601.182 kr.**
**Hækkun:** 47.502 kr. 3,1%
**Síðast:** 2016



**Bergþóra Þorkelsdóttir**
vegamálastjóri
**1.593.322 kr.**
**Hækkun:** 230.854 kr. 16,9%
**Síðast:** 2008



**Bryndís Kristjánsdóttir**
skattrannsóknarstjóri
**1.294.855 kr.**
**Hækkun:** 31.287 2,5%
**Síðast:** 2012



**Páll Matthíasson**
forstjóri Landspítalans
**2.586.913 kr.**
**Hækkun:** 497.920 23,8%
**Síðast:** 2010



**Georg Kr. Lárusson**
forstjóri Landhelgisgæslunnar
**1.601.182 kr.**
**Hækkun:** 280.935 kr. 21,3%
**Síðast:** 2012



**Helga Þórisdóttir**
forstjóri Persónuverndar
**1.151.275 kr.**
**Hækkun:** 169.926 kr. 17,3%
**Síðast:** Í tíð kjaranefndar



**Páll Gunnar Pálsson**
forstjóri Samkeppniseftirlitsins
**1.649.042 kr.**
**Hækkun:** 112.069 kr. 7,3%
**Síðast:** 2013



**Arnór Guðmundsson**
forstjóri Menntamálastofnunar
**1.244.424 kr.**
**Hækkun** 38.288 kr. 3,2%
**Síðast:** 2016



**Jón Gíslason**
forstjóri Matvælastofnunar
**1.294.855 kr.**
**Hækkun:** 129.701 kr. 11,1%
**Síðast:** 2008



**Ari Matthíasson**
þjóðleikhússtjóri
**1.244.424 kr.**
**Hækkun:** 109.647 kr. 9,7%
**Síðast:** Í tíð kjaranefndar



**Ingvar J. Rögnvaldsson**
settur ríkisskattstjóri
**1.505.462 kr.**
**Hækkun:** 315.290 26,5%
**Síðast:** 2010

**Magnús Guðmundsson**
Vatnajökulsþjóðgarður*
**1.009.707 kr.**
**Hækkun:** 47.502 kr. 4,9%
**Síðast:** 2012

**Eydís Líndal**
forstjóri Landmælinga*
**1.009.707 kr.**
**Hækkun:** 28.358 kr. 2,9%
**Síðast:** Kjaranefnd

**Erla Björk Örnólfsdóttir**
rektor Hásk. á Hólum
**1.021.574 kr.**
**Hækkun:** 182.487 kr. 21,8%
**Síðast:** Kjaranefnd

**Þórólfur Árnason**
forstjóri Samgöngustofu
**1.358.535 kr.**
**Hækkun:** 38.288 kr. 2,9%
**Síðast:** 2013

**Bjarni Smári Jónasson**
forstjóri SAk
**1.477.332 kr.**
**Hækkun:** 185.801 kr. 14,4%
**Síðast:** Kjaranefnd

**Ívar J. Arndal**
forstjóri ÁTVR
**1.574.602 kr.**
**Hækkun:** 137.355 kr. 10,4%
**Síðast:** 2012

**Eyjólfur Guðmundsson**
rektor HA
**1.297.673 kr.**
**Hækkun:** 139.367 12,0%
**Síðast:** Kjaranefnd

**Snorri Olsen**
tollstjóri*
**1.409.647 kr.**
**Hækkun:** 242.647 kr. 20,8%
**Síðast:** 2009

*Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga, er settur framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs. Eydís Líndal er starfandi forstjóri Landmælinga í fjarveru hans. Snorri Olsen tekur við sem ríkisskattstjóri þann 1. október.





SUZUKI
Way of Life!
SUZUKI SWIFT
BÍLL ÁRSINS
Í FLOKKI SMÆRRI FÓLKSBÍLA
KOMDU OG PRÓFAÐU SWIFT
HANN FÆR ÞIG TIL AÐ BROSA
SWIFT
2018 RJC Automotive Researchers' & Journalists' Conference of Japan
CAR OF THE YEAR
BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2018 BÍLABLAÐAMANNA
VERÐ FRÁ KR.
2.160.000
KÍKTU VIÐ OG KYNNTU ÞÉR MARGVERÐLAUNAÐAN SUZUKI SWIFT.
SUZUKI SWIFT ER FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR, BEINSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN.
FLUTT MEÐ EIMSKIP
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Innreið Costco breytir ekki stöðu Haga

**Samkeppniseftirlitið telur ekki að innkoma Costco á innlendan dagvörumarkað hafi breytt stöðu Haga á markaðinum í grundvallaratriðum. Hagar telja „alls ekki rök fyrir umfangsmeiri ráðstöfun eigna“ en lagt er til í sáttatillögum félagsins vegna kaupa þess á Olís.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Samkeppniseftirlitið segist ekki geta fallist á það með Högum að innreið bandaríska verslunarrisans Costco til landsins hafi í grundvallaratriðum breytt stöðu íslenska smásölufélagsins á dagvörumarkaði. Félagið sé eftir sem áður markaðsráðandi. Þetta kemur fram í bréfi sem eftirlitið sendi helstu keppinautum Haga og Olís í fyrradag vegna rannsóknar þess á kaupum fyrrnefnda félagsins á því síðarnefnda.

Í bréfinu segir jafnframt að nýleg rannsókn Samkeppniseftirlitsins á þróun markaðshlutdeildar og viðhorfum neytenda hafi leitt í ljós að áhrifin af innkomu bandaríska risans á íslenskan markað hafi verið minni en Hagar hafa byggt á í málatilbúnaði sínum fyrir stjórnvaldinu.

Samkeppniseftirlitið taldi í samrunamáli Haga og Lyfju síðasta sumar – skömmu eftir að Costco opnaði verslun sína í Kauptúni – að ekki væru forsendur til þess að ætla að innkoma bandaríska risans á dagvörumarkað hefði dregið verulega úr sterkri stöðu Haga á markaðinum. Þó tók eftirlitið fram að of snemmt væri að segja til um hvaða áhrif Costco myndi hafa hér á landi til lengri tíma litið.

Ný rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur hins vegar leitt til þess frummats stofnunarinnar að innkoma Costco hafi ekki breytt stöðu Haga á markaðinum. Er það mat eftirlitsins að með kaupum Haga á Olís, einu stærsta olíufélagi landsins, muni markaðsráðandi staða Haga á dagvörumarkaði styrkjast enn frekar. Sameinað félag muni – í krafti stöðu sinnar – geta „takmarkað samkeppni og hagað verðlagningu, þjónustu og viðskiptaskilmálum að verulegu leyti án tillits til keppinauta eða viðskiptavina“.

**„Alls ekki“ rök fyrir frekari sölum**

Til þess að bregðast við áhyggjum Samkeppniseftirlitsins af því að kaup Haga á Olís muni „draga með alvarlegum hætti úr virkri samkeppni“ hafa stjórnendur smásölufélagsins meðal annars boðist til þess að selja verslanir Bónuss á Hallveigarstíg og Smiðjuvegi, fasteign félagsins í Faxafeni, þar sem nú er rekin Bónusverslun, bensínstöðvar Olís í Hamraborg og á Háaleitisbraut sem og stöð ÓB í Grafarvogi.

Eru tillögurnar í samræmi við þau skilyrði sem Samkeppniseftirlitið hefur sett fyrir kaupunum að Hagar selji frá sér dagvöruveltu sem sé hærri en samanlögð dagvöruvelta verslana Olís, en skilyrðin voru kynnt á fundi stjórnenda Haga með fulltrúum eftirlitsins 12. júní síðastliðinn.

Í bréfi Haga til Samkeppniseftirlitsins frá 29. júní, sem Jóna Björk Helgadóttir og Unnur Lilja Hermannsdóttir, lögmenn á Landslögum, skrifuðu fyrir hönd Haga, segist félagið „alls ekki“ telja rök fyrir „umfangsmeiri ráðstöfun eigna, heldur sé þvert á móti gengið mjög langt“ í sáttatillögum félagsins. Í því sambandi minnir félagið á að kaupin feli í sér yfirtöku dagvörusala á eldsneytissala sem selji dagvörur á aðskildum markaði.

Ef eftirlitið fellst ekki á sáttatillögur Haga mun það ógilda kaupin.

**Seldar í heild sinni**

Tillögurnar sem Hagar lögðu fram í lok síðasta mánaðar, og birtar voru í fyrradag, eru ólíkar fyrri tillögum félagsins að því leyti að lagt er til að áðurnefndar bensínstöðvar Olís og ÓB verði seldar í heild sinni. Áður hafði félagið lagt til að dagvöruhluti tiltekinna bensínstöðva yrði leigður eða seldur, en ekki eldsneytissalan. Telur félagið allt benda til þess að sala á stöðvunum muni skapa forsendur til þess að „burðugur keppinautur geti tekið yfir umræddar staðsetningar og keppt bæði í sölu á eldsneyti og dagvöru“.



Finnur Árnason, forstjóri Haga.

Hvað varðar umræddar Bónusverslanir við Hallveigarstíg og Smiðjuveg, sem forsvarsmenn Haga hafa lýst sig reiðubúna til þess að selja, þá bendir félagið á að verslanirnar hafi skilað „umtalsverðum hagnaði“ um árabil. Ljóst sé að nýr keppinautur geti „komið öflugur inn á dagvörumarkað“ með því að kaupa verslanirnar.

Jafnframt felist í því „mikil tækifæri“ fyrir nýjan keppinaut að kaupa fasteign Haga í Faxafeni. Lokun verslunar Víðis í Skeifunni, en matvörukeðjan var nýverið tekin til gjaldþrotaskipta, geti „opnað enn frekar fyrir möguleika nýs aðila á dagvörusölu á Skeifusvæðinu, en verslun Víðis hefur að mati Haga líklega velt um milljarði króna árlega,“ segir í bréfi smásölufélagsins.

Til viðbótar við áðurnefndar tillögur hafa stjórnendur Haga boðist til þess að grípa til aðgerða í því augnamiði að auka aðgengi að eldsneyti í heildsölu og birgðarými eldsneytis. Þá hefur félagið einnig lýst sig reiðubúið til þess að hafa sama verð á dagvöru á bensínstöðvum sínum á landinu öllu, óháð staðsetningu, og auk þess að selja þurrvöruhluta verslunar Olís í Stykkishólmi.

Tilkynnt var um kaup Haga á öllu hlutafé Olíuverslunar Íslands í aprílmánuði í fyrra en með í kaupunum fylgir fasteignafélagið DGV og 40 prósenta hlutur í Olíudreifingu. Er gert ráð fyrir að kaupverðið verði um 10,4 milljarðar króna.



Samkeppniseftirlitið metur nú hvort sáttatillögur Haga nægi til þess að leysa úr þeim samkeppnislegu vandamálum sem eftirlitið telur að annars leiði af kaupum félagsins á Olís. Að öðrum kosti verða kaupin ógild. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**10,4**

**milljarðar króna er vænt kaupverð Haga á Olís.**

**» Til viðbótar við áðurnefndar tillögur hafa stjórnendur Haga boðist til þess að grípa til aðgerða í því augnamiði að auka aðgengi að eldsneyti í heildsölu og birgðarými eldsneytis.**

### Mótmæla því að „meira þurfi til að koma“

Hagar ítreka í bréfinu til Samkeppniseftirlitsins mótmæli sín við því að „meira þurfi til að koma“ til þess að bregðast við áhyggjum eftirlitsins af skaðlegum áhrifum eignatengsla í sameinuðu félagi Haga og Olís. Smásölufélagið telur sig þó engu að síður mæta sjónarmiðum eftirlitsins með því að bjóða til sölu eignir með eldsneytissölu.

Með kaupum Haga á Olís kemst þriðja olíufélagið í eigu félags sem er að stórum hluta í eigu lífeyrissjóða. Samkeppniseftirlitið bendir á að fyrir kaupin eigi hluthafar Olís engan hlut í Skeljungi og N1 en eftir kaupin myndu helstu hluthafar olíufélagsins eiga um 58 prósenta hlut í N1 og 48 prósenta hlut í Skeljungi.

Er það mat Samkeppniseftirlitsins að „þessi staða væri til þess fallin að raska samkeppni með umtalsverðum hætti“.

Kaupfélag Skagfirðinga, eigandi FISK-Seafood, sem mun eignast um 4,4 prósenta hlut í sameinuðu félagi Haga og Olís, hefur þegar lýst sig reiðubúið til þess að selja sig niður í sameinuðu félagi. Kaupfélagið er bæði keppinautur og viðskiptavinur Haga.

## Eigið fé Kristins er 21,5 milljarðar króna

Hagnaður fjárfestingarfélagsins Kristins, sem er í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur og fjölskyldu, jókst um 18 prósent á milli ára og var 749 milljónir króna í fyrra. Einkum er um að ræða vaxtatekjur og verðbreytingu markaðsverðbréfa. Eigið fé var 21,5 milljarðar króna við árslok og arðsemi eiginfjár var fjögur prósent í fyrra. Kristinn skuldar lítið, rúmlega 400 milljónir króna, einkum hluthöfum. Félagið mun ekki greiða arð í ár.

Kristinn á óskráð hlutabréf sem metin voru á um tíu milljarða króna í bókum félagsins og verðbréf sem metin voru á 8,5 milljarða króna og jókst virði þeirra um 57 prósent á milli ára. Fjárfestingarfélagið á 1,3 milljarða á bankabók.

Bókfært virði fasteignafélagsins Korputorgs var 5,3 milljarðar króna og jókst um 970 milljónir króna á milli ára, virði prentsmiðjunnar Odda jókst um 104 milljónir króna á milli ára og var 414 milljónir og heildsalan Ísam var metin á 3,7 milljarða sem er 16 prósent lækkun á milli ára. Fram hefur komið í Markaðnum að Ísam hafi tapað 301 milljón króna í fyrra.

Erlend verðbréf félagsins voru metin á 3,7 milljarða króna og virði þeirra jókst um sjö prósent á milli ára. Virði annarra verðbréfa jókst um 2,6 milljarða króna og voru bréfin metin á 3,4 milljarða króna og ríkistryggð markaðsbréf voru bókfærð á 1,4 milljarða króna og jókst virði þeirra um 24 prósent á milli ára. Félagið á 1,3 milljarða á bankabók. – hvj



Guðbjörg Matthíasdóttir.

## H&M selt fyrir 2,5 milljarða á Íslandi

Sænska verslanakeðjan H&M seldi fatnað fyrir ríflega 2,5 milljarða króna hér á landi frá því að keðjan opnaði fyrstu verslun sína á landinu í lok ágúst í fyrra til loka maímánaðar.

Salan hefur aðeins dregist saman frá opnun en hún nam tæplega 670 milljónum króna á fyrsta fjórðungi yfirstandandi rekstrarárs H&M, frá byrjun mars til loka maí síðastliðins, borið saman við 965 milljóna króna veltu frá byrjun september til loka nóvember í fyrra.

H&M opnaði fyrstu verslun sína hér á landi í Smáralind í lok ágústmánaðar en önnur verslun keðjunnar var opnuð í Kringlunni um mánuði síðar.

Upplýsingar um sölu sænsku verslanakeðjunnar á tímabilinu mars til maí birtust í fjórðungsuppgjöri keðjunnar í síðustu viku. Salan í verslununum tveimur á því tímabili nam um 56 milljónum sænskra króna sem jafngildir tæplega 670 milljónum íslenskra króna. Það samsvarar um 3,6 milljónum króna á verslun á dag.

Dróst salan saman um 6,7 prósent frá fyrri fjórðungi, sem náði frá 1. desember til 28. febrúar, en þá seldi H&M fatnað fyrir alls 715 milljónir króna.

Alls seldi H&M föt fyrir ríflega 2.500 milljónir króna hér á landi frá opnun 26. ágúst í fyrra til 31. maí. Hefur meðalvelta á verslun á dag því verið um 4,5 milljónir króna.

Stefnt er að opnun þriðju H&M verslunarinnar hér á landi á Hafnartorgi í miðbæ Reykjavíkur. – kij





Hægst hefur á sölu H&M frá opnun í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

**4,5**

**milljónir króna er meðaldagsvelta á hverja H&M verslun hér á landi frá opnun.**




Kynntu þér **Opel Karl** á **opel.is/karl** eða í **sýningarsölum** okkar í Reykjavík og Reykjanesbæ

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18

Bílabúð Benna



Lögregla boðaði til blaðamannafundar seint í gærkvöld vegna árásarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Taugaeitri beitt á breskt par

**BRETLAND** Efni sem notað var til að eitra fyrir pari í Amesbury á Englandi er sama eitrið og notað var gegn rússneska gagnnjósnaranum Sergei Skripal og dóttur hans Yuliu í mars síðastliðnum. Frá þessu greindi breska lögreglan á blaðamannafundi í gærkvöld. Parið fannst meðvitundarlaust í húsi í bænum og hefur lögregla staðfest að um hafi verið að ræða Novichok-taugaeitur. Ekki er vitað um tilefni árásarinnar, að því er fram kom á blaðamannafundinum. Parið er í lífshættu. – bsp

## Strákarnir læra sund og köfun

**TAÍLAND** Björgunaraðilar leggja nú allt kapp á að kenna taílensku fótboltastrákunum, sem hafa verið fastir í helli í norðanverðu landinu síðastliðna 12 daga, sund og köfun. Flóknar aðgerðir standa nú yfir við að koma strákunum heilum á húfi úr hellinum.

Meðal annars er um 1,6 milljónum lítra af vatni dælt úr hellinum á hverri klukkustund. Reuters fréttstofan hefur eftir Prawit Wongsuwan aðstoðarforsætisráðherra að ef komi til þess að flóð réni og vatnsmagnið í hellinum minnki nógu mikið verði reynt að koma strákunum út á skjótan hátt. – sar

# Sænsk stjórnvöld hafa áhyggjur af tíðum skotárásum í landinu

**Sænska ríkisstjórnin og lögregluyfirvöld ræða til hvaða aðgerða sé hægt að grípa vegna fjölda skotárása í landinu undanfarið. Sjö hafa látist í árásum síðastliðnar tvær vikur. Ríkislögreglustjórinn segir ástandið grafalvarlegt.**



Sjö einstaklingar hafa látist í skotárásum í Svíþjóð undanfarnar tvær vikur. Stjórnvöld segja ástandið mjög alvarlegt og þessi mál eru í algjörum forgangi hjá sænsku lögreglunni. Málin varða flest uppgjör glæpagengja. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**SVÍÞJÓÐ** Sjö einstaklingar hafa látist í skotárásum í Svíþjóð síðastliðnar tvær vikur. Þar af létust þrír eftir skotárásir á þriðjudag og þriðjudagskvöld. Einn lést í Malmö og tveir í Örebro en einn er í haldi lögreglu grunaður um verknaðinn í Örebro.

Stefan Löfven, forsætisráðherra landsins, segir í samtali við Aftonbladet ljóst að yfirvöld glími nú við aumkunarverða og kaldrifjaða morðingja, líkt og hann orðaði það þegar hann greindi frá ákvörðun sinni. Hann segir að stjórnvöld hafi veitt lögreglu allan þann stuðning sem óskað hafi verið eftir og meira til. Sé þörf á frekari úrræðum verði orðið við því. „Við höfum varið auknu fé í löggæslu en við munum halda áfram að gera það sem við þurfum,“ sagði Löfven. „Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að sýna fram á að samfélagið hefur að lokum alltaf betur en glæpamenn.“

Anders Thorberg ríkislögreglustjóri segir í samtali við sænska ríkissjónvarpið (SVT) að ástandið nú sé grafalvarlegt. Það hafi róast eftir hrinu skotárása í vor en nú sé aftur að verða mikil aukning. Hann segir að lögreglan beiti öllum sínum úrræðum og kröftum í þessum málum sem séu í algjörum forgangi.

> **Við erum að glíma við aumkunarverða en kaldrifjaða morðingja.**
>
> Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar

Morgan Johansson, dóms- og innanríkismálaráðherra, tekur í samtali við SVT undir með ríkislögreglustjóranum. Ástandið sé alvarlegt og styrkja þurfi lögregluna enn frekar. Það þurfi að nýta þær lagaheimildir sem til staðar séu. Hann bendir á að handtökum lögreglu hafi fjölgað milli ára. Málið snúist um að halda áfram að láta hart mæta hörðu.

Johansson mun í kjölfar skotárásanna í Malmö og Örebro funda með lögregluyfirvöldum til að ræða hvað ríkisstjórnin geti gert til að aðstoða lögregluna enn frekar. Hann segist sannfærður um að lögreglan geri allt sem í hennar valdi stendur.

Tomas Tobé, talsmaður sænska hægriflokksins Moderaterna í löggæslumálum, gagnrýnir hins vegar ríkisstjórnina og segir aðgerðir hennar ekki duga til. Hann segir Löfven forsætisráðherra sýna linkind í málinu. Nú sé ekki tími til að kalla eftir upplýsingum um stöðuna, heldur þurfi að koma fram tillögur sem skerpi á viðurlögum gegn glæpagengjum.

Hægriflokkurinn leggur til að refsingar glæpagengja verði tvöfaldaðar og að símhleranir veði notaðar í auknum mæli í baráttunni gegn þeim. Tobé segir ljóst að ríkisstjórninni hafi mistekist í þeirri baráttu. Það sé allt of auðvelt fyrir gengin að fá til liðs við sig ungmenni og komast upp með mildar refsingar.

sighvatur@frettabladid.is







**Dove dagar 5.–14. júlí.**
**20% afsláttur af öllum Dove vörum.**

HAGKAUP
*Meira svona alla daga*

Náttúrulega Ísland

# Mosavaxnir risakubbar

**Tómas Guðbjartsson** læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskri náttúru.

Einhver stórkostlegasta náttúrusmíð á Íslandi er Stórurð við rætur Dyrfjalla á Héraði. Þarna er að finna grettistök sem eru á stærð við heilu húsin, en inn á milli leynast spegilsléttar tjarnir þar sem vatnið hefur sérkennilegan sægrænan blæ. Ólíkt Dyrfjöllum, sem sjást víða að, er Stórurð falinn gimsteinn sem flestir hreinlega keyra fram hjá á leið sinni austur á Borgarfjörð eystri og Víkur. Engu að síður er ekki flókið að komast í Stórurð gangandi og eru nokkrar leiðir í boði, allar greiðfærar. Algengast er að ganga hring sem hefst og endar við Vatnsskarð eystra, Héraðsmegin, en að uppgöngustaðnum er aðeins hálftíma keyrsla frá Egilsstöðum. Þetta er um 16 km ganga og ágætt að taka heilan dag til að njóta hennar. Stígarnir eru stikaðir og á leiðinni býðst frábært útsýni yfir Njarðvík og upp í Ytra-Dyrfjall, en ekki síður yfir Úthérað og Héraðsflóann. Upplifunin að koma að björgunum í Stórurð, sem eru eins og risavaxnir legókubbar sem fljóta á sægrænu jökulvatni, er engu lík. Talið er að þessi stóru mosavöxnu björg hafi borist niður úr Dyrfjöllum með skríðandi jökli eða hlaupi af einhverju tagi. Græna vatnið er jökulbráð úr jöklum í hlíðum Dyrfjalla sem skapa ómótstæðilegt baksvið Stórurðar. Það er ekki hægt annað en heillast af náttúrufegurðinni í Stórurð og ótrúlegt að slík náttúruperla skuli hvorki vera friðland né tilheyra þjóðgarði. En sjón er sögu ríkari.



**Sjá nánar á Fréttablaðið+**
Lengri umfjöllun má lesa á frettabladid.is.



**Inni á milli bjarganna í Stórurð er jökulbráðið vatn sem hefur einkennandi sægrænan blæ.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Grettistökin í Stórurð eru mörg hver á stærð við fjölbýlishús.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR MÁR



**Horft til Dyrfjalla frá Úthéraði. Stórurð er í Urðardal undir sjálfum dyrunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Hér má sjá Urðardal og Stórurð ofan af Dyrfjöllum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR MÁR



**Gengið ofan af Súlum niður í Urðardal.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR MÁR

Upplifunin að koma að björgunum í Stórurð, sem eru eins og risavaxnir legókubbar sem fljóta á sægrænu jökulvatni, er engu lík.

# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 80cm.** 29.544




**Verðdæmi 80x80 cm.** 36.800







**Verðdæmi 70x70 cm.** 30.500




**Verðdæmi 80x80 cm.** 32.107




**Verðdæmi 80x80 cm** 29.600

Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.
Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.
Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.




**Verðdæmi 70 cm.** 26.190

## Gæði, úrval & gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað í sumar
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili



Stórurð er mikilfenglegur staður og ef fólk á á annað borð leið um Austurland ætti það hiklaust að taka frá dag til þess að virða fyrir sér staðinn. Heill dagur er er nauðsynlegur. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR MÁR



Að lokinni göngu í Stórurð er kjörið að njóta máltíðar utandyra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Staðurinn er magnaður og minnir á köflum á einhvers konar völundarhús. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



Sægræna jökulvatnið er bráð úr hvilftarjökli sem er undir Dyrjöllum og ber hið einfalda og augljósa nafn Jökull. Jökulsá heitir áin. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR MÁR

» Gangan hefst og endar frá veginum yfir Vatnsskarð, sem skilur að Úthérað og Njarðvík. Borgarfjörður eystri er innan seilingar.



Landsmenn lesa Fréttablaðið allan ársins hring

# LÍKA Á SUMRIN!

Auglýsing í Fréttablaðinu er ávallt jafn verðmæt

| apríl | maí | júní | júlí | ágúst | september |
|---|---|---|---|---|---|
| 89% | 89% | 89% | 89% | 89% | 89% |

**89% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring**




* meðallestur þeirra sem lesa bara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

**Fréttablaðið - mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin**

FRÉTTABLAÐIÐ

# Á lífi



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það var líkt og heimsbyggðin gæfi frá sér feginsandvarp þegar fréttir bárust af því að tólf fótboltadrengir og þjálfari þeirra sem lokuðust af inni í helli í Taílandi hefðu fundist á lífi eftir níu daga vist.

Það má segja ýmislegt um mannkynið. Reyndar er það stundum ansi sjálfhverft og dyntótt og virðist jafnvel þrífast best á átökum, en það á vissulega líka sínar góðu hliðar. Þær hafa opinberast á síðustu dögum þegar fólk um allan heim sameinast í umhyggju fyrir drengjum sem hafa orðið að þola raunir sem ekki ætti að leggja á börn og enn sér ekki fyrir endann á. Fréttir um að drengirnir séu furðu brattir í aðstæðum sínum eru hughreystandi. Börn eru stórmerkilegar manneskjur og búa iðulega yfir meiri þrautseigju og útsjónarsemi en fullorðnir ætla þeim.

Í erfiðum aðstæðum finnast ætíð einstaklingar sem stíga fram og eru reiðubúnir að sýna fórnfýsi. Til er nokkuð sem heitir siðferðileg skylda, það er reyndar afar auðvelt að banda henni frá sér, en samt eru alltaf einhverjir sem hlýða kalli hennar. Það á við um læknana tvo í taílenska hernum sem buðust til að dvelja með drengjunum og þjálfara þeirra í ömurlegum aðstæðum. Enginn ætlast til slíkrar fórnar, hana er ekki nauðsynlegt að færa, en samt er hún í boði.

Sá björgunarleiðangur sem nú er í undirbúningi í Taílandi er afar áhættusamur og þar eru einstaklingar sem eru tilbúnir að leggja á sig mikið erfiði og jafnvel leggja líf sitt í hættu. Um allan heim fylgist fólki með gangi mála og lætur sig miklu varða að vel fari. Það er mikilsverður eiginleiki að geta fundið til með öðrum og sett sig í spor þeirra. Það er við fréttir eins og þessar sem sá eiginleiki verður áberandi í fari svo margra. Fólki stendur ekki á sama um örlög tólf drengja sem verða að komast heilu og höldnu til fjölskyldna sinna. Þannig höfum við á síðustu dögum séð náungakærleikann taka völd. Það er hughreystandi og eflir trú á hinu annars óútreiknanlega mannkyni.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, kannski eini ráðamaður þjóðarinnar sem með sanni má kallast hjartahreinn, lagði það til á dögunum að taílensku fótboltadrengirnir myndu leiða liðin inn á völlinn í úrslitaleik HM í fótbolta í Rússlandi. Það er afar falleg hugsun á bak við þessa hugmynd sem er þó ekki raunhæf í stöðunni eins og hún er í dag. En þegar drengirnir eru komnir heim heilir á húfi (það má ekki leyfa annarri hugsun að komast að) þá munu þeir sem tök hafa á örugglega leggja sitt af mörkum til að gleðja þá. Drengirnir eiga eflaust sínar hetjur í boltanum sem gætu þar lagt sitt af mörkum, þó ekki væri nema með því að senda þeim skilaboð. Heimsókn til þeirra í eigin persónu væri þó enn betra framtak.

Hugur heimsbyggðarinnar er hjá drengjunum í hellinum. Nú ríkir samkennd, umhyggja og ósk um að allt fari vel.

**Fólk um allan heim sameinast í umhyggju fyrir drengjum sem hafa orðið að þola raunir sem ekki ætti að leggja á börn og enn sér ekki fyrir endann á.**

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

## Halldór




## Frá degi til dags

**Ógagnsæi**

**Kjararáð klykkti út með sínum síðasta úrskurði í síðasta mánuði en hann var birtur í fyrradag. Í honum setur ráðið líklega nýtt Íslandsmet í ógagnsæi stjórnvalds án atrennu. Athugasemda og rökstuðnings forstöðumanna er í engu getið og ekki er með neinu móti hægt að lesa úr úrskurðinum hvers vegna embættismanni A er raðað fyrir ofan eða neðan B og C. Af orðum forstöðumanna má síðan lesa að ráðið sé ekki aðeins seint til svara þegar blaðamenn eru á línunni og dæmi eru um að einhver erindi hafi ekki hlotið afgreiðslu ráðsins.**

**Framhaldið**

**Það sást úr flugvél að tilraunin kjararáð hafði fyrir löngu farið út um þúfur. Fyrirkomulagið var óskilvirkt sem skilaði sér í því að þeir sem undir það heyrðu urðu eftir í launaþróun. Sést það best á því að í einhverjum tilfellum tók hin nýja ákvörðun nú við af ákvörðun kjaranefndar. Sífellt þurfti að leiðrétta afturvirkt sem nær undantekningalaust skapaði ólgu á markaði. Nýtt fyrirkomulag verður lagt fyrir á þingi í haust. Vonandi er að þinginu takist vel til svo að ekki verði áframhald á ógagnsæi og launakippum.**

**joli@frettabladid.is**

# Má bjóða þér meiri frítíma?



Sonja Ýr Þorbergsdóttir
lögfræðingur BSRB

Flestir þekkja vel þá staðreynd að Íslendingar vinna mun lengri vinnudag en þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við. Vinir og ættingjar annars staðar á Norðurlöndunum hafa meiri tíma til að sinna fjölskyldu, vinum og áhugamálum. Við þessu vill BSRB bregðast með því að stytta vinnuvikuna úr 40 stundum í 36 án launaskerðingar. Þegar hafa verið stigin mikilvæg skref með tilraunaverkefnum sem bandalagið stendur fyrir ásamt Reykjavíkurborg og ríkinu.

Í dag vinna um 2.700 einstaklingar á vinnustöðum sem taka þátt í þessum tveimur tilraunaverkefnum. Þetta eru bæði staðir þar sem unnið er í dagvinnu og vinnustaðir þar sem unnin er vaktavinna. Hjá ríkinu hafa fjórar stofnanir tekið þátt og verða fimm frá og með haustinu. Reykjavíkurborg byrjaði fyrr á sínu tilraunaverkefni og hefur árangurinn verið svo jákvæður að öllum vinnustöðum borgarinnar var boðið að taka þátt síðasta vor.

Þó BSRB taki þátt í tilraunaverkefnunum einskorðast þátttakan ekki við félagsmenn aðildarfélaga BSRB. Fjölmargir félagsmenn stéttarfélaga sem eiga aðild að Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands taka þátt í að stytta vinnuvikuna. Þá eru dæmi um vinnustaði eins og Hugsmiðjuna sem hafa innleitt styttingu vinnuviku hjá sér til framtíðar. Allt hefur þetta áhrif og nú hafa Akraneskaupstaður, Akureyrarbær og Reykjanesbær ákveðið að hefja tilraun um styttri vinnuviku meðal sinna starfsmanna. Fleiri munu fylgja í kjölfarið.

Niðurstöður fram að þessu sýna að starfsánægja hefur aukist, líðan á vinnustað batnað, lífsgæði aukist og auðveldara er fyrir starfsfólkið að samræma vinnu og einkalíf. Í viðtölum við starfsfólk hefur meðal annars komið fram að það upplifir að stressið heima fyrir hafi minnkað með styttingunni. Afköst starfsfólks hafa jafnframt haldist óbreytt þó vinnutíminn sé styttri og á flestum vinnustöðum hefur dregið verulega úr skammtímaveikindum.

Það er ekki bara verkalýðshreyfingin sem vill stytta vinnuvikuna. Skynsamir stjórnendur vilja einnig fara þessa leið enda sýnir reynslan að ávinningurinn er verulegur fyrir bæði vinnustaðinn og starfsfólkið.

**Afköst starfsfólks hafa jafnframt haldist óbreytt þó vinnutíminn sé styttri og á flestum vinnustöðum hefur dregið verulega úr skammtímaveikindum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Grugg eða gegnsæi?

Í DAG

Þorvaldur Gylfason



Stokkhólmur – Það var 1766 að Svíar settu sér stjórnarskrá sem mælti fyrir um frelsi fjölmiðla og upplýsingaskyldu stjórnvalda. Svíar skildu það fyrr en aðrar þjóðir að réttur almennings til upplýsinga og gegnsæis er óaðskiljanlegur frá öðrum mannréttindum. Í Svíþjóð er þessi meginregla kennd við „sólskinslög“. Ekki færri en 30 önnur lönd hafa sett svipuð ákvæði í sínar stjórnarskrár. Þær eiga það sammerkt allar nema ein að hafa verið endurskoðaðar eftir aldamótin 2000. Nýja stjórnarskráin frá 2011-2013 sem Alþingi heldur enn í gíslingu geymir í þessum anda mikilvæg ný ákvæði um upplýsingarétt og frelsi fjölmiðla, ákvæði sem er ætlað að hjálpa til við að vinda ofan af þeirri leynd og spillingu sem loða við opinbera stjórnsýslu í landinu. Tilefnin eru mörg og brýn þótt hér verði tvö dæmi látin duga.

**Mál 1: Kjararáð**
Fyrir nokkru var frá því sagt að Kjararáð vill ekki afhenda Fréttablaðinu fundargerðir sínar, en blaðið óskaði í nóvember 2017 eftir aðgangi að fundargerðunum. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur nú eftir langt þóf fellt úr gildi synjun ráðsins á beiðni blaðsins. Málið er brýnt þar eð bæði Samtök atvinnulífsins og ASÍ hafa sakað Kjararáð um að taka rangar ákvarðanir sem ógna vinnufriði og auka hættuna á kollsteypu á vinnumarkaði. Hvað gerði Alþingi? Það lagði Kjararáð niður með manni og mús. Enn er óvíst hvort hægt verður að fá úr því skorið sem fram fór á fundum Kjararáðs. Þetta gæti ekki gerzt í Svíþjóð og ekki heldur á Íslandi hefði Alþingi staðfest nýju stjórnarskrána 2013 eins og því bar.

**Mál 2: Seðlabankinn**
Fundargerðir Seðlabanka Íslands eru ekki aðgengilegar almenningi og þá ekki heldur blaðamönnum. Það er bæði óheppilegt og óeðlilegt þar eð í lögum um Seðlabankann (28. gr.) segir: „Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda.“ Fulltrúum stjórnmálaflokkanna í bankaráðinu ber því lagaskylda til að fylgjast með því að starfsmenn bankans fari að lögum.

Þar eð fundargerðum bankaráðsins er haldið leyndum getur fólkið í landinu ekki vitað hvort eða hvernig bankaráðsfulltrúar hafa rækt þessa lagaskyldu. Málið er brýnt m.a. vegna þess að vitað er um lögbrot í bankanum. Kastljós RÚV greindi frá því 2016 að hátt settur starfsmaður bankans hefði viðurkennt fyrir sérstökum saksóknara 2012 að hafa rofið trúnað 2008. Málið var talið hafa fyrnzt 2010 þar eð lög kveða á um fyrningu á tveim árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi. Maðurinn starfar enn í bankanum eins og ekkert hafi í skorizt.

Einnig er vitað um a.m.k. tvö meint lögbrot í bankanum sem Kastljós RÚV greindi einnig frá 2016, annars vegar gálaust lán Seðlabankans til Kaupþings 2008 og hins vegar birting Morgunblaðsins 2017 á útskrift af símtali seðlabankastjóra og forsætisráðherra þar sem ráðherrann segir um lánveitinguna: „Ég býst við því að við fáum þessa peninga [75 milljarða króna] ekki til baka“.

Seðlabankinn neitaði árum saman að upplýsa almenning og Alþingi um símtalið og bar við bankaleynd þótt hún komi málinu ekki við. Morgunblaðið birti útskriftina í nóvember 2017 án þess að vitað sé hvernig blaðið komst yfir svo vandlega varðveitt leyniskjal né heldur hvort viðeigandi yfirvöld hafi rannsakað gagnalekann. Málið er brýnt m.a. af því að hátt settur embættismaður fékk fangelsisdóm 2014 fyrir að stuðla að birtingu leynilegs gagns úr banka og einnig af því að Stundin hefur mátt una því mánuðum saman að mega ekki birta lekin bankagögn sem virðast eiga erindi við almenning. Sá gagnaleki var rannsakaður í þaula.

Það er sjálfstætt álitamál hvernig taka beri á bankaráðsfulltrúum ef ljóst þykir að þeir kunni að hafa vanrækt skýrar lagaskyldur sem á þeim hvíla.

**Jafnræði fyrir lögum**
Fólkinu í landinu hefur engin skýring verið gefin á því hvers vegna sumir bankamenn hafa sætt rannsókn og fengið dóma fyrir gáleysisleg útlán og meðfylgjandi umboðssvik og aðrir ekki. Engin skýring hefur heldur verið gefin á því hvers vegna sum trúnaðarbrot í bönkum hafa sætt rannsókn og leitt til fangelsisdóma og önnur ekki. Dómskerfið í landinu mun ekki vaxa í áliti almennings ef lögbrot eru látin viðgangast án þess að lögbrjótum sé gerð refsing fyrir brotin skv. lögum, t.d. vegna slakrar framfylgdar laga eða jafnvel vegna þess að yfirvöld dragi taum vel tengdra lögbrjóta og vanvirði þannig þá frumreglu réttarríkisins um jafnræði fyrir lögum. Réttarvitund almennings stafar hætta af refsileysi – þ.e. því að lögum sé helzt ekki framfylgt þegar valdsmenn eða aðrir vel tengdir menn eiga í hlut eins og ég lýsi í ritgerð minni „Samstæð sakamál“ í Tímariti Máls og menningar í febrúar sl.


www.ils.is · 569 6900 · 09:00–16:00

Íbúðalánasjóður

## Opið er fyrir umsóknir um stofnframlög

**Auglýst er eftir umsóknum fyrir árið 2018 um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 555/2016.**

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu. Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum.

**Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:**
- Nýbyggingar og fjölgun leiguíbúða.
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguíbúðir fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum.

**Auk þess verður lögð áhersla á:**
- Hagkvæmar íbúðir hvað stærð og herbergjafjölda varðar sbr. viðmiðunarstærðir.
- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað.
- Íbúðir sem uppfylla þarfir íbúa á hverju svæði.
- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa.
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun.

**Viðmiðunarstærðir**
Við úthlutun verður horft til þess að íbúðir séu að jafnaði ekki stærri en eftirfarandi tafla segir til um:

| Fjöldi herbergja | Hámarksstærð m.v. herbergjafjölda |
|---|---|
| Einstaklingsíbúð | 50 m² |
| 2ja herbergja íbúð | 60 m² |
| 3ja herbergja íbúð | 80 m² |
| 4ra herbergja íbúð | 95 m² |
| 5 herbergja íbúð | 110 m² |

Umsóknum skal skila inn á rafrænu formi á heimasíðu sjóðsins. Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2018.

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.**

**Umsóknarfrestur: 31. október 2018**




# Arðbærar fjárfestingar og sterkara raforkukerfi



**Jón Skafti Gestsson**
sérfræðingur á fjármálasviði Landsnets

Við hjá Landsneti kynntum á dögunum tillögu að kerfisáætlun 2018-2027. Í henni birtum við framtíðarsýn okkar og mögulegar leiðir til að takast á við áskoranir í flutningskerfinu. Ljóst er að mikilla fjárfestinga er þörf á komandi árum ef forðast á veruleg vandræði en allar líkur eru á að þær fjárfestingar muni reynast þjóðhagslega arðbærar.

**Aukið samráð um valkosti**

Til að auka upplýsingagjöf höfum við tekið saman og birt ítarlega kostnaðar- og ábatagreiningu út frá ýmiss konar sviðsmyndum. Þar er gert ráð fyrir breytilegum forsendum um eftirspurn eftir raforku, uppbyggingarhraða, lengd jarðstrengja og valkostum við styrkingu kerfisins.

Til lengri tíma eru í grunninn tveir valkostir til að styrkja raforkukerfið. Annaðhvort verður tengt yfir hálendið til að tengja saman Norðurland og Suðurland eða að Byggðalínan verður styrkt verulega. Báðar lausnir eru tæknilega og þjóðhagslega fullnægjandi. Í drögum að kerfisáætlun 2018-2027, sem nú er í kynningu, má finna ítarlegri útlistun á þessum valkostum. Almenningur er hvattur til að kynna sér þessar hugmyndir en frestur til athugasemda er til 15. júlí.

Á næstu árum verður lögð áhersla á styrkingar á Norðurlandi og í kringum höfuðborgarsvæðið. Þau verkefni eru sameiginleg bæði hálendisleið og byggðalínuleið. Helstu niðurstöður eru að endurgreiðslutími áætlaðra fjárfestinga er mun styttri en afskriftartími. Það þýðir að fjárfestingarnar borga sig.

**Hverju skilar sterkara raforkukerfi?**

Fulllestaðar og jafnvel yfirlestaðar flutningslínur þjónusta stór og mikilvæg landsvæði í íslenska raforkukerfinu. Þetta veldur verulegum vandamálum og kostnaði fyrir bæði framleiðendur og notendur raforku. Vandamálum sem verða ekki leyst nema með sterkara raforkukerfi.

Sterkara kerfi skilar margþættum ávinningi en stærsti einstaki þátturinn er minni takmarkanir á flutningi og afhendingu raforku sem þýðir að fyrirtæki geta vaxið og dafnað, enda þurfi ekki að skerða raforku til þeirra.

Í dag er fjölda fyrirtækja ómögulegt að vaxa og auka starfsemi sína því þau fá ekki raforku til þess, fiskbræðslur brenna víða olíu í stað þess að nýta raforku. Víða í landsbyggðunum eru vandræði með gæði raforkunnar sem leiðir til stóraukins kostnaðar fyrirtækja sökum rafmagnsleysis og annarra vandræða sem stöðvar rekstur og skemmir búnað. Sterkara kerfi mun leysa þessi vandamál. Samhliða því mun minni raforka tapast en orka sem tapast í kerfinu er einskis nýt og leggst kostnaður við kaup á þeirri orku á raforkunotendur.

Þá eru svæði í raforkukerfinu þar sem virkjanir geta ekki keyrt á fullum afköstum því það er einfaldlega ekki hægt að flytja orkuna af svæðinu. Aflið sem fæst við að tengja þessar virkjanir betur er allt að 90 MW og gæti samkvæmt varfærnu mati fært þjóðarbúinu 800 milljónir króna í ábata árlega til framtíðar. Áætlað er að sterkara kerfi skili bættum áreiðanleika og minni rekstrartruflunum. Ávinningur af því er metinn á allt að níu milljörðum króna.

Annars konar ávinningur kemur einnig til sem ekki hefur enn verið metinn til fjár. Til dæmis mætti nefna markmið um jöfnun atvinnutækifæra um landið, samkeppnisáhrif á markaði eða lækkaðan kostnað við varaaflstöðvar.

**Fjárfestingar sem borga sig**

Umræðan um tímabærar fjárfestingar í innviðum þjóðarinnar hefur væntanlega ekki farið fram hjá mörgum. Vegakerfið hefur þar verið í brennidepli umræðunnar enda kannski sýnilegasti snertiflötur fólks við innviði þjóðarinnar. Í skýrslu Samtaka iðnaðarins í fyrra kom fram að uppsöfnuð viðhaldsþörf í þjóðvegakerfinu var metin á 70 milljarða króna. Áætlaðar fjárfestingar Landsnets á næsta áratug eru allt að 69 milljörðum króna og eru því sambærilegar að umfangi og tæpast minna aðkallandi. Stór landsvæði búa nú þegar við takmarkað aðgengi að rafmagni og nú styttist í að höfuðborgarsvæðið geri það líka.

Aukið afhendingaröryggi og jafn aðgangur að rafmagni um allt land eru meðal markmiða nýrrar þingsályktunar stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfa raforku. Um þessi grundvallaratriði ætti að ríkja breið sátt í samfélaginu. Það þarf heldur ekki að hafa miklar áhyggjur af hagkvæmni þessara fjárfestinga. Þær munu borga sig að fullu löngu áður en líftími þeirra líður.




# Læknar standa vaktina



**Reynir Arngrímsson**
formaður Læknafélags Íslands

Í því umróti sem skekur íslenskt heilbrigðiskerfi þetta sumarið með skorti á hjúkrunarfræðingum og uppsögnum ljósmæðra og undirmönnun ýmissa annarra heilbrigðisstétta standa læknar vaktina enn. Læknisfræði er grunnstoð heilbrigðisþjónustunnar sem ekki má bresta þó annað hrökkvi undan álagi og upplausn skapist í heilbrigðiskerfinu. Engar reglur gilda um lágmarksmönnun lækna utan lögbundinna neyðarmönnunar ef til verkfalls gæti komið.

Svo undarlega sem það kann að hljóma reyndist í því eina verkfalli sem læknar neyddust til að ganga í gegnum á 100 ára sögu Læknafélags Íslands mönnun heldur skána á sumum deildum helstu heilbrigðisstofnana þegar uppfyllt voru ákvæði neyðarmönnunarlista. Undirmönnun lækna og mikið álag einkennir enn starfsaðstæður lækna á sumum sviðum og huga þarf að stöðugri endurnýjun og endurmati á mönnunarþörf m.t.t. breytinga í samfélagsgerð, mannfjölda og tækniframfara.

Nýliðun lækna er þróunarverkefni sem ekki má vanrækja eða hefta með nokkru móti. Læknar hafa aldrei reynt að fría sig ábyrgð á hlutverki starfsstéttarinnar í íslensku samfélagi. Skortur er enn á læknum, hvort sem litið er til sjúkrahúsþjónustu, heilsugæslu eða sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa. Má þar nefna skort á heimilislæknum, taugalæknum, hjartalæknum, barnageðlæknum, gigtlæknum, öldrunarlæknum og augnlæknum.

**Úrskurður kærunefndar jafnréttismála**

LÍ styður kröfur um að menntun skuli metin til launa, en ítrekað hefur verið reynt að draga laun og kjarabaráttu lækna inn í umræður um samninga annarra starfsstétta án þess að rétt sé farið með. Sérfræðilæknar fá starfsréttindi sem slíkir eftir allt að 14 ára nám, þegar formlegri þjálfun lýkur í sérgrein. Það er ekki raunhæft að jafna því námi við háskólanám annarra heilbrigðisstétta sem veitir starfsréttindi að afloknu fjögurra til sex ára námi.

Úrskurður kærunefndar jafnréttismála í máli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn Landspítala þann 18. maí 2017 var ótvíræður hvað þetta varðar. Þar kemur skýrt fram að störf lækna og annarra heilbrigðisstétta eru ekki samanburðarhæf að þessu leyti þegar kemur að launasetningu og skilgreiningu á ábyrgðarsviði. Á það var bent að þó staða lækna og hjúkrunarfræðinga sé sú sama í skipuriti, séu störf þeirra í meginatriðum ekki samanburðarhæf. Þannig sé grunnkrafa í starfi hjúkrunarfræðings hjúkrunarleyfi en að baki því sé fjögurra ára háskólanám. Að baki sérfræðiviðurkenningu læknis er hins vegar að lágmarki 11-14 ára nám, sex ár í háskóla, eins árs kandídatsár og fjögurra til sjö ára viðbótarnám, oftast nær erlendis. Þá er bent á að í lögum sé gerður greinarmunur á ráðningarferli í þessi störf og það rakið nánar í úrskurðinum. Löggjafinn gerir að þessu leyti strangari kröfur til umsækjenda um læknisstöður. Þá er jafnframt gerð krafa í ráðningarsamningum um aukna hæfni þar sem læknar sinni auk klínískrar vinnu kennslu og akademískum störfum.

**Strangari kröfur til starfsréttinda – styttri starfsævi**

Þá má einnig benda á að t.d. Landspítala eru jafnframt gerðar strangari kröfur um ráðningarferli sérfræðilækna en hjúkrunarfræðinga. Sérstök stöðunefnd læknaráðs veitir umsögn um faglega hæfni allra umsækjenda um fastar læknastöður, en slíks er ekki krafist við ráðningar annarra starfsstétta. Þá er mikilvægt að hafa í huga að læknar, sérstaklega yfirlæknar, bera verulega ábyrgð í stefnumótun heilbrigðiskerfisins. Þetta endurspeglast meðal annars í kostnaðaráhrifum ákvarðana um dýra og flókna læknisfræðilega meðferð og lyfjagjöf og þeim er ætlað að vera leiðandi í uppbyggingu þjónustu sinnar sérgreinar. Loks má nefna kröfur settar fram af ríkisvaldinu sem eru íþyngjandi hvað varðar starfslok þegar ákveðnum aldri er náð. Starfsævi lækna er stutt miðað við flestar aðrar starfsstéttir sem meðal annars ræðst af kröfum sem settar eru fram í lögum um nám og færni í starfi.

**Launaþróun 2007 – 2017**

Fjármálaráðuneytið birti í vikunni upplýsingar um launaþróun starfsstétta innan BHM árin 2007 til 2017. Þetta gefur tilefni til að skoða launaþróun í þjóðfélaginu í víðara samhengi á þessu tímabili. Ef litið er til þróunar heildarlauna frá árinu 2007 til 2017 sést að skv. gagnagrunni fjármálaráðuneytisins hafa heildarlaun lækna að meðaltali hækkað um 63,6% á þessu tímabili sem er hlutfallslega minni breyting á launakjörum en margra annarra stéttarfélaga. Tölurnar tala sínu máli. Þrátt fyrir erfiða kjarabaráttu og verkfall á árunum 2014-15 hafa læknar ekki fylgt launaskriði samfélagsins né tekið þátt í höfrungahlaupinu títtnefnda. Þá má einnig geta þess að læknar í dag eru ekki aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og hafa því önnur lífeyrisréttindakjör, en aðrar stéttir sem starfa hjá hinu opinbera og njóta tryggingar á lífeyrisréttindum.

Hin ábyrga afstaða lækna, sem aðeins hafa einu sinni í 100 ára sögu Læknafélags Íslands farið fram í opinberri kjarabaráttu, hefur samkvæmt þessu ekki verið metin að verðleikum og þarfnast endurskoðunar í samræmi við ábyrgð í starfi og launaþróun í samfélaginu.




> **Sérfræðilæknar fá starfsréttindi sem slíkir eftir allt að 14 ára nám, þegar formlegri þjálfun lýkur í sérgrein. Það er ekki raunhæft að jafna því námi við háskólanám annarra heilbrigðisstétta sem veitir starfsréttindi að afloknu fjögurra til sex ára námi.**

# Skálkaskjól



**Vilhjálmur H. Vilhjálmsson**
hæstaréttarlögmaður, flutti mál nr. 729/2017 í Hæstarétti

Umfjöllun fjölmiðla um kynferðisbrot og frásagnir brotaþola eru vafalaust einn mikilvægasti þáttur þess að tekist hefur að brjóta niður þagnarmúrinn sem umlukti þessi sársaukafullu mál árum saman. Með því að rjúfa þögnina og ræða þessi viðkvæmu mál opinskátt hafa fjölmiðlar sent brotaþolum þau skilaboð að það er hægt að nálgast hjálp og aðstoð. Þú ert ekki ein(n).

Mikilvægi þessa fyrir brotaþola verður seint ofmetið. Þess vegna var dapurlegt að lesa leiðara Kristínar Þorsteinsdóttur, útgefanda Fréttablaðsins, síðastliðinn laugardag. Þar tekur Kristín þennan málaflokk og freistar þess að gera hann að skjóli fyrir ófaglegum og röngum fréttaflutningi fjölmiðla sem hún stýrði í svokölluðu Hlíðamáli.

Í þessum illa ígrunduðu skrifum er látið að því liggja að Hæstiréttur hafi í dómi sínum verið að „hanka blaðamenn á smáatriðum“. Í því sambandi er rétt að minna á að Hæstiréttur hefur aldrei áður dæmt jafn marga blaðamenn, fyrir jafn mörg ærumeiðandi ummæli sem viðhöfð voru í jafn mörgum fjölmiðlum og í þessu dómsmáli. Skilaboð Hæstaréttar eru einföld og skýr. Vinnubrögð Kristínar og starfsmanna hennar voru með öllu ólíðandi og óverjandi. Miðað við leiðarann virðast þau samt ekki hafa komist til skila.

Staðreyndin er sú að fjölmiðlafólkið sem Hæstiréttur dæmdi í þessu máli virti ekki þær grunnreglur vandaðrar blaðamennsku að ganga úr skugga um að heimildir þeirra væru réttar. Afleiðingin var sú að tveir ungir menn voru rændir ærunni og hrökkluðust úr landi. Í raun er skammarlegt að ekki hafi enn verið beðist afsökunar á þeim hrapallegu mistökum. Enn verra er svo þegar sú sem átti að veita starfsfólki sínu leiðsögn notar eitt af mikilvægustu málum okkar tíma sem skálkaskjól fyrir fúskið.

# Sumarið er í Múrbúðinni

## MÚRBÚÐARVERÐ



**Kaliber** PREMIUM GRILL

Öflugt og ódýrt

**Kaliber Black gasgrill**
3x3kw brennarar (9KW). Grillflötur 41x56cm

**23.990**

Grillbursti kr. **390**

Grilláhöld 3 stk. í setti kr.
**1.380**



**26.490**
**Lavor Space 180 háþrýstidæla**
2500w, 180 bör (275 m/túrbóstút) 510 L/klst
Pallahreinsir, hringbursti, felgubursti og aukaspíssar fylgja.



Frábært verð á plast- þakrennum. Sjá verðlista á www.murbudin.is

Grill yfirbreiðslur margar stærðir. Verð **4.280-4.580**



**Kaliber Red gasgrill**
4 brennara (12KW) + hliðarhella (2.5KW). Grillflötur 41x56cm

**44.990**

MIKIÐ ÚRVAL

Deka þakmálning 10 lítrar
**9.990**

Oden þekjandi viðarvörn 1 líter, A stofn
**1.790**



**29.990**
**Lavor SMT 160 ECO**
2500W, 160 bör (245 m/túrbóstút) 510 L/klst. Þrjár stillingar: mjúk (t.d. viður), mið (t.d. bíll) og hörð (t.d. steypa).

Landora tréolía Col-51903 3 l.
**1.980**

DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
**7.990**

Gróðurmold 20 l.
**560**
40 l kr. 990

Maston Hammer Spray 400ml
**1.050**

MARGIR LITIR

Maston Hammer 750ml
**1.995**

Blöndum DRAUMALITINA þína!

Deka Projekt 10 innimálning, 10 lítrar (stofn A)
**6.390**

DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar
**8.790**

1 líter kr.
**1.990**

Maston Hammer 250ml
**995**



Bio Kleen
**Pallahreinsir**
1 líter
**895**
5L 2.990 kr.

Hjólbörur 80L
**3.990**





**Steypugljái á stéttina – þessi sem endist**

**Portúgalskir leirpottar**



Mikið úrval

20% AFSLÁTTUR

Tilboð gildir til 8/7/2018

**Opið laugardag**
kl. 10-16 á Klettháls og 10-14 í Reykjanesbæ

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Netgíró – Betri leið til að versla

**MÚRBÚÐIN**
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Unglingarnir okkar – sjálfsmynd, stress og samfélagsmiðlar



**Hermundur Sigmundsson**
prófessor í lífeðlislegri sálfræði við Háskólann í Þrándheimi og Háskólann í Reykjavík

Alþjóðlegar rannsóknir sýna fram á aukið stress hjá unglingum sem kemur meðal annars fram sem eymsli í maga, höfði og baki eða almenn þreyta. Margir þættir valda ekstra vandamálum á unglingsárunum eins og skólastress (faglegar áhyggjur), sálrænt/félagslegt stress (rifrildi/átök við fullorðna og skólasystkini, vandamál með vináttu), persónulegt stress (sjálfsmynd, útlit, þyngd) og álagsstreita (einelti, skilnaður). Hér er gífurlegur kynjamismunur en stúlkur þjást mun oftar af stressi en drengir.

Ein af mögulegum ástæðum er léleg sjálfsmynd. Léleg sjálfsmynd getur stafað af því að gapið milli huglægrar sjálfsmyndar, það er að segja þess sem maður óskar sér að vera, og hlutlægrar sjálfsmyndar, hvernig maður er, verður stórt. Þetta veldur vanlíðan.

Vísindamenn telja að samfélagsmiðlar séu ein af höfuðástæðum fyrir slíkri þróun – huglæga sjálfsmyndin verður svo stór – gapið stækkar sem veldur meiri streitu og lélegri sjálfsmynd. Maður er sífellt að mæla sjálfan sig við 'stjörnur', reyna að vera vinsæll, fá mörg 'like', hafa flott útlit og vera með réttum vinum. Þetta á sérlega við um stúlkur sem nota samfélagslega miðla meira en drengir. Rannsóknir sýna að hjá stúlkum er sterkast samband milli almennrar sjálfsmyndar og sjálfsmyndar sem tengist útliti þeirra. Hjá drengjum er sterkt samband milli almennrar sjálfsmyndar og sjálfsmyndar sem tengist útliti, félagslegu samþykki og færni í íþróttum. Léleg sjálfsmynd getur komið fram hjá stúlkum sem þunglyndi, kvíði og átraskanir en hjá drengjum sem hegðunarvandi, áhættuhegðun og tourette.

Þýski prófessorinn og geðlæknirinn Manfred Spitzer segir að ein af helstu hættunum við að nota snjallsíma/spjaldtölvur of mikið og vera stöðugt á samfélagsmiðlum sé hættan á fíkn. Fræðimenn hafa fundið út að unglingar eyða sífellt meiri tíma á netinu og verða þess vegna að minnka tímann sem þeir nota til annarra hluta sem getur valdið félagslegri einangrun. Það má segja að vöntun verði á fjölbreyttu áreiti sem er gífurlega mikilvægt fyrir þróun heilans. Sífellt minni hreyfing getur valdið því að fleiri glíma við offitu. Ef maður skoðar stúlkur í þessu samhengi þá verða þær háðar einhverju sem er ekki gott fyrir sjálfsmynd þeirra og andlega heilsu. Fleiri rannsóknir sýna greinilega fram á samband milli einmanaleika og netnotkunar.

Þar að auki getur mikil netnotkun valdið svefnvandamálum. Svefnleysi gerir mann ekki bara krónískt þreyttan heldur er mikil hætta á ofþyngd og sykursýki. Mikil netnotkun getur einnig valdið þunglyndi. Það er að segja að maður noti of mikinn tíma á samfélagsmiðlum sem á hinn bóginn getur haft slæm áhrif á heilsu komandi kynslóða.

Það er kominn tími til að við foreldrar, aðstandendur, kennarar og stjórnmálamenn skoðum þessi mál. Þörf er á breytingum.

**Heimildir:**
**Spitzer, M. (2014). Digital demens. Pantagruel Forlag AS, Oslo, Norge**

# Viðreisn blasir við í Reykjavík



**Þórdís Lóa Þórhallsdóttir**
oddviti Viðreisnar í Reykjavík og formaður borgarráðs




Fyrir hvað stendur nýi meirihlutinn í höfuðborg landsins? Við í Viðreisn höfum heyrt því fleygt að í raun hafi ekki verið myndaður nýr meirihluti heldur sé um að ræða framhald frá fyrra kjörtímabili. Slík framsetning er ekki bara mikil einföldun heldur líka einfaldlega röng. Vissulega er að hluta um sömu flokka að ræða og áttu í meirihlutasamstarfi í Reykjavík á árunum 2014-2018 en hlutföll flokkanna eru allt önnur og verkaskiptingu hefur verið breytt.

Í nýjum meirihluta er líka nýr flokkur, Viðreisn, sem hefur skýra sýn og stefnu í hvernig borgin okkar á að vera. Viðreisn er ekki neinn annar flokkur né fjórða hjólið undir gamla meirihlutanum, með Viðreisn var myndaður nýr meirihluti og við myndun meirihlutans var megináherslan að ná sem mestu úr stefnu Viðreisnar inn í málefnasamninginn. Og hver var árangurinn?

Helstu baráttumál okkar í Viðreisn í nýafstöðnum kosningum voru að hlúa að fjölbreyttu atvinnulífi, tryggja góðan rekstrargrundvöll fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í borginni, huga vel að öllum hverfum borgarinnar undir slagorðinu „inn með úthverfin“, einfalda kerfið, innleiða notendamiðaða þjónustu til að einfalda líf íbúa og stefna að framúrskarandi menntun fyrir börnin okkar. Öll fengu þessi mál góðar undirtektir í meirihlutaviðræðum líkt og sjá má í samstarfssáttmála nýs meirihluta. Við sameinuðumst um þessi mál líkt og svo mörg önnur. Borgarfulltrúar Viðreisnar lögðu höfuðáherslu á málefnin og hvernig best væri að tryggja framgang þeirra á kjörtímabilinu. Hlutverk fulltrúanna og embætti voru svo mótuð út frá því.

> **Viðreisn mun láta til sín taka í sínum hjartans verkefnum, vinna þétt með meirihlutanum og ekki síður byggja upp samstarf og samtal við minnihlutaflokka og verkefni á kjörtímabilinu.**

Aukið umfang borgarráðs tryggir það að undirrituð, sem er formaður borgarráðs, mun hafa yfirumsjón með atvinnustefnu borgarinnar, því nú heyra atvinnumálin undir borgarráð. Í borgarráði verður því endurskoðuð atvinnustefna borgarinnar, þar með talin tillögugerð að vettvangi til samráðs um einstaka þætti atvinnulífsins, s.s. ferðaþjónustu, verslun og þjónustu. Notendamiðuð þjónusta, úttektir og innleiðingar verða einnig leiddar af borgarráði. Formaður borgarráðs mun jafnframt leiða endurskipulagningu þjónustu borgarinnar, þvert á svið, með aðkomu formanna þeirra ráða sem breytingarnar snerta og viðkomandi sviðsstjóra. Viðreisn mun ekki hvika frá því að að veita framúrskarandi menntun og gera skólana okkar að eftirsóttari vinnustöðum, þar munum við leika lykilhlutverk með varaformennsku í nýju skóla- og frístundaráði.

Þetta er ekki tæmandi listi yfir verk okkar á næsta kjörtímabili, því rödd okkar mun heyrast hátt í flestum ráðum borgarinnar. Við viljum frjálslynda, jafnréttissinnaða og alþjóðlega borg þar sem þjónusta við borgarana er í fyrirrúmi og við teljum að meirihlutasáttmálinn feli þetta í sér. Það eru spennandi tímar fram undan í borginni og mörg brýn verkefni sem verður unnið að af einhug og festu. Viðreisn mun láta til sín taka í sínum hjartans verkefnum, vinna þétt með meirihlutanum og ekki síður byggja upp samstarf og samtal við minnihlutaflokka og verkefni á kjörtímabilinu.

# Að hella eitri í sjó



**Jón Helgi Björnsson**
Laxamýri

> **Full ástæða er til að fylgjast með áhrifum notkunar á lúsaeitri á lífríki sjávar, uppeldisstöðvar nytjastofna og rækjumið.**

Þessa dagana er enn og aftur verið að hella eitri í sjóinn við Ísland til að drepa laxalús sem herjar á laxeldi á Vestfjörðum.

Sífellt kemur betur og betur í ljós að eldi í opnum sjókvíum veldur miklum neikvæðum umhverfisáhrifum. Laxalús er talin ein helsta ógn við villta stofna laxfiska í Noregi og hefur orsakað 12-30% minnkun á stofnum laxfiska sem lifa í nágrenni eldisins. Rétt er að harma það andvaraleysi sem stjórnvöld og eftirlitsstofnanir hafa sýnt varðandi áhrif hennar á umhverfið hérlendis. Matvælastofnun hefur ítrekað dregið úr áhyggjum manna vegna þessarar plágu með fullyrðingum um að hún nái sér ekki á strik í köldum sjó við Ísland. Nú er hið sanna komið í ljós.

Matvælastofnun kallar böðun á milljónum fiska með lúsaeitri „fyrirbyggjandi“ aðgerð sem er fullkomlega rangt. Það er ekkert fyrirbyggjandi við slíkar aðgerðir og nær alveg öruggt að eitra þarf aftur að vori. Reynslan hefur sýnt að eitrun nýtist bara í takmarkaðan tíma þangað til lúsin hefur þróað viðnám við eitrinu. Upplýsingagjöf Matvælastofnunar um stöðu lúsasmits er afar takmörkuð og virðist allt gert til að auðvelda uppbyggingu á þessum mengandi iðnaði.

Sótt er hart að stjórnvöldum að leyfa frekara eldi meðal annars í Ísafjarðardjúpi og jafnvel Eyjafirði. Lúsaplágan í laxeldinu fyrir vestan hlýtur nú að opna augu MAST og gera þær fyrirætlanir að engu. Það dettur engum heilvita manni í hug að leyfa norskum stórfyrirtækjum að eitra þau svæði sem eru nauðsynleg uppeldi hefðbundinna nytjastofna. Full ástæða er til að fylgjast með áhrifum notkunar á lúsaeitri á lífríki sjávar, uppeldisstöðvar nytjastofna og rækjumið.

Þegar laxeldisbylgjan fór af stað var bent á hættuna sem villta laxinum stafar af erfðablöndun, lúsaplágu og sjúkdómum. Nú liggur fyrir að tveir af þessum þremur þáttum eru veruleikinn eftir mjög takmarkað eldi í örfá ár. Því verður vart trúað að stjórnvöld leyfi sér áfram að setja kíkinn fyrir blinda augað þegar hagsmunir norsku laxeldisfyrirtækjanna eru annars vegar.

# Dýrmætasta auðlind jarðar



**Úrsúla Jünemann**
kennari á eftirlaunum

Vatn er tvímælalaust mikilvægasta auðlind jarðar, án vatnsins er ekkert líf. Í heita pottinum um daginn var veðrið eins og oft áður aðalumræðuefnið og þá sérlega sú vætutíð sem hefur ríkt hér á Suðvesturlandi allan júní. Auðvitað vildum við hafa það öðruvísi og liggja í sólbaði, alla vega svona af og til. En hugsum dæmið til enda. Hvort er betra: Að hafa aðgang að ómældu magni af góðu drykkjarvatni og meira að segja einnig af heitu vatni, eða að þurfa að skammta sér nauðsynlega daglega vatnið eða jafnvel að fá alls ekki hreint og ómengað vatn? Mér er alltaf minnisstætt þegar ég fór með gönguferðafélögum yfir Arnarvatnsheiðina. Þegar komið er fyrir ofan stóru vötnin gengur maður yfir svæði þar sem tært lindarvatn sprettur alls staðar upp í fallegum litlum lækjum. Maður frá Austurlöndum nær var meðal þátttakenda og hann ætlaði alveg að missa sig í að dást að þessu og vildi bara hafa eina svona tæra lind nálægt heima hjá sér. En hann fær steikjandi sól nánast allan ársins hring. Gæðunum í heiminum er misskipt.

Við á þessu rigningarsama landi tökum hreina vatnið sem sjálfsagðan hlut. Og förum ekki alltaf nógu gætilega að til að varðveita þessa auðlind. Enn rennur skólp óhreinsað í ár, vötn og læki. Plön um að leggja háspennulínur yfir vatnsverndarsvæði eða leyfa mengandi starfsemi rétt við útjaðar þess eru auðvitað út í hött. Það mætti efla eftirlit og vöktun á vatnasvæðum til muna þó að það kosti. Við viljum ekki þurfa að sjóða allt drykkjarvatn af því að það finnst mengun í því.

Allir íbúar verða að vinna sem einn í að huga að vatnsvernd. Það er ekki í lagi að henda alls konar sulli í niðurföllin. Það er ekki í lagi að þvo bílana heima hjá sér með mengandi efnum. Það er ekki í lagi að nota eiturefni t.d. illgresiseyði og úðun á tré og runna í görðunum. Það fer nefnilega með regnvatninu í jarðveginn og svo áfram þó að framleiðendur slíkra efna vilji telja okkur trú um annað.

Sjórinn í kringum okkar land skapar mikil verðmæti. Þar er margt sem mætti betur fara. Það eru nefnilega ekki hvalir sem éta fiskinn frá okkur heldur er það mannfólkið sem eyðileggur mikilvæg hrygningarsvæði með botnvörpum sem stórskemma allt lífríkið á hafsbotninum. Með því að stífla jökulár til þess að virkja verða mikilvæg næringarefni eftir í lónunum sem myndu annars fara í sjóinn og auka þar frjósemina. Fiskeldi í sjávarkvíum í stórum stíl er mjög varasamt. Allar rannsóknir í þeim fjörðum þar sem þetta er stundað sýna mikla mengun með slæmum áhrifum á lífríkið.

> **Auðvitað vildum við hafa það öðruvísi og liggja í sólbaði, alla vega svona af og til. En hugsum dæmið til enda. Hvort er betra: Að hafa aðgang að ómældu magni af góðu drykkjarvatni og meira að segja einnig af heitu vatni, eða að þurfa að skammta sér nauðsynlega daglega vatnið eða jafnvel að fá alls ekki hreint og ómengað vatn?**

Landeigendur hafa hér á landi mikið vald, geta ráðskast með vatnsauðlindirnar á sínu landi nánast eftir vild og farið í framkvæmdir sem geta valdið miklu tjóni á náttúrugersemum. Síðustu árin hafa auðmenn keypt upp heilu jarðirnar án þess að hafa búsetu þar. Hér þarf að grípa inn í með löggjöf til að hindra það. Það er nefnilega svo freistandi að vilja „nýta allt það vatn sem fer ónotað til sjávar“. Sumir vilja verða ríkir helst á einni nóttu.

Vatnsvernd kostar sitt en þeir sem vilja græða hratt reyna oft að komast hjá því að borga í þennan sjóð. En þetta kallast að stunda rányrkju. Afleiðingar munu kosta komandi kynslóðir margfalt meira seinna.

Svo, gott fólk, hættum að kvarta þó að mikið rigni hér á SV-landi. Gleðjumst yfir okkar stórkostlegu vatnsauðlindum og stöndum vörð um þær.

# Lífgjafar sveitanna



Magnús Ólafsson
frá Sveinsstöðum

Það var mikil framsýni manna sem settu fyrst löggjöf um lax- og silungsveiði fyrir áratugum síðan. Í framhaldi voru veiðifélög stofnuð sem allar götur síðan hafa haft það að leiðarljósi að auka og bæta þá auðlind sem lax og silungsveiðar eru. Áður en veiðifélögin voru stofnuð veiddi hver fyrir sínu landi. Þar var afi minn á Sveinsstöðum engin undantekning.

Um eða upp úr árinu 1930 fóru stangveiðimenn að banka upp á og vildu fá að veiða á stöng í Vatnsdalsá. Afi og amma voru gestrisin og sinntu þessum gestum af alúð og lengi nutu erlendir veiðimenn gestrisni þeirra, gistu á Sveinsstöðum, veiddu í ánni og greiddu góðan pening fyrir. Þetta kom sér einkar vel þar sem þau hjón höfðu ráðist í það stórvirki að byggja veglegt steinsteypt íbúðarhús á jörðinni 1929. Árið eftir kom heimskreppan og afurðaverð féll niður úr öllu valdi. Kreppulánin og laxinn björguðu því að enn búa afkomendur þeirra rausnarbúi á Sveinsstöðum. Sama má segja um fjölmargar jarðir víða um land. Laxveiðin hefur skipt sköpum um búsetu og stutt byggðina.

Veiðifélag Vatnsdalsár var stofnað árið 1936 og um það leyti voru veiðifélög stofnuð víða um land á grundvelli laganna sem þá höfðu verið sett um þessa auðlind. Við Vatnsdalsá er föst búseta jarðeigenda á rúmlega 30 bæjum. Síðan sonur minn og tengdadóttir tóku við búskap á Sveinsstöðum árið 2004 hafa ættliðaskipti orðið á allmörgum bæjum við ána og í sveitunum býr margt af ungu fólki.

**Allir eru jafnir**

Grunntónninn í veiðilöggjöfinni hefur frá upphafi verið sá að öllum landeigendum að ánni er skylt að vera í veiðifélaginu. Það hefur hver eitt atkvæði, hvort sem hann á mikið land og jafnvel alla bestu veiðistaðina, eða aðeins stuttan spöl með ánni og jafnvel engan veiðistað. Stjórn félagsins er kosin á almennum félagsfundi. Allar meiriháttar ákvarðanir þarf að bera undir félagsfund. Samkenndin er mikil því á félagslegum grunni eru allir jafnir.

Fjölmargir erlendir veiðimenn hafa sagt mér að einn af kostum þess að koma til Íslands og veiða sé að undantekningarlaust eigi sömu aðilar landið og réttinn til veiða. Þeir séu því velkomnir, ekki aðeins til að veiða, heldur er þeim frjáls för meðfram ánum og njóta lands og fegurðar kringum árnar. Víða erlendis eru það einhverjir auðmenn sem eiga árnar, en bændurnir sem yrkja bakkana, hafa engan hag af komu veiðimanna og hafa ama af veru þeirra við ána. Þar er engin friðsæld og þar finna þeir ekki frið í hjarta eða sömu upplifun og þeir fá af því að veiða á Íslandi.

Trúlega greiða engir erlendir gestir jafn mikið fyrir að upplifa Ísland og veiðimenn. Þeir dást undantekningalítið að þeirri alúð sem eigendur laxveiðiánna hafa lagt í að bæta árnar og allan aðbúnað kringum veiðarnar. Það hefur ætíð þótt sjálfsagt að selja aðganginn að þessari auðlind. Tekjurnar fara annars vegar í að bæta árnar, aðbúnað í veiðihúsum og aðgengi að veiðinni, og renna hins vegar sem arður til eigendanna. Sá arður nýtist í mörgum tilfellum til að gera sveitirnar byggilegri og auðga líf þeirra sem þar búa.

**Óttumst sjókvíaeldið**

Í dag njóta trúlega á fimmta þúsund jarðeigenda tekna af útleigu lax- og silungsveiðihlunninda. Ég fullyrði að meirihluti þessara jarðeigna er í eigu þeirra sem búa í sveitunum. Bak við þessa jarðeigendur eru fjölskyldur sem lifa og starfa í sveitinni, á sama hátt og fjölskylda afa og ömmu gerði um og eftir árið 1930. Ég er ekki viss um að ég nyti þeirrar ánægju að sjá þrjú barnabörn vaxa úr grasi á bökkum Vatnsdalsár ef tekjurnar af veiðunum hefðu ekki ávallt skipt sköpum í búsetu í dalnum.

Þannig fjölskyldur eru víða um land. Þess vegna viljum við sem unnum ánum gera allt sem hægt er til að tryggja það að þær verði áfram lífgjafi sveitanna. Við óttumst að hömlulítið fiskeldi í sjókvíum geti spillt lífríki ánna og þar um leið lífi og búsetu í sveitum Húnaþings, Borgarfjarðar og raunar byggðum um land allt.

**Við óttumst að hömlulítið fiskeldi í sjókvíum geti spillt lífríki ánna og þar um leið lífi og búsetu í sveitum Húnaþings, Borgarfjarðar og raunar byggðum um land allt.**




Ný Bosch þvottavél

Kynningarverð:
89.900 kr.
Fullt verð: 127.900 kr.
Þvottavél, WAT 2849BSN

Bosch hefur í eina og hálfa öld haft það að markmiði að auðvelda daglegt líf fólks. Nú eru **60 ár** liðin frá því að **fyrsta sjálfvirka Bosch þvottavélin** fór í framleiðslu.

Af þessu tilefni bjóðum við nú **glænýja Bosch þvottavél** á **einstaklega hagstæðu verði.**

Vél þessi er búin **langflestum þeim þvottakostum** sem menn þurfa á að halda í dagsins önn. Hún tekur mest 9 kg og er með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. Tromlan fer einstaklega vel með þvottinn. 15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar var leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta.

Gildir til og með 31. júlí eða á meðan birgðir endast.

2017 Framúrskarandi fyrirtæki

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



Aron Rafn var valinn besti leikmaður úrslitaeinvígisins en góð frammistaða hans hjá ÍBV er að skila honum öðru tækifæri í atvinnumennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Býst við að skrifa undir hjá Hamburg á allra næstu dögum

**Aron Rafn Eðvarðsson, sem varði mark ÍBV með miklum ágætum í Olísdeild karla í handbolta á síðustu leiktíð, er kominn langt í viðræðum sínum við Hamburger Sport-Verein um félagaskipti til Þýskalands. Aron Rafn stefndi að því að staldra stutt við hér heima og svo virðist sem það ætli að ganga eftir hjá honum.**

**HANDBOLTI** Handboltamarkvörðurinn Aron Rafn Eðvarðsson er að öllum líkindum á leið frá ÍBV til þýska B-deildarliðsins Hamburger Sport-Verein. Aron Rafn sagði í samtali við Fréttablaðið að viðræður hans við félagið væru komnar á lokastig og í raun formsatriði að binda alla lausa hnúta.

„Ég býst við því að skrifa undir hjá þeim á næstu dögum. Það er hins vegar ekkert í höfn enn og ég veit það vel að hlutir geta verið fljótir að breytast í þessum bransa. Eins og staðan er hins vegar núna er aftur á móti ekkert sem getur í komið veg fyrir að ég verði orðinn leikmaður liðsins öðrum hvorum megin við helgina,“ sagði Aron Rafn þegar Fréttablaðið kannaði stöðu mála á félagaskiptum hans til þýska liðsins.

Hann staldraði ekki lengi við á Íslandi en hann samdi við ÍBV síðasta sumar.

„Það var á stefnuskránni að taka bara eitt keppnistímabil hér heima og fara svo aftur út. Tímabilið gat ekki gengið betur og það er gaman að kveðja ÍBV sem þrefaldur meistari og hafa verið valinn mikilvægasti leikmaður úrslitakeppninnar var góður bónus. Eftir erfiða byrjun á leiktíðinni var gott hvernig málin þróuðust hjá mér og að ég hafi náð að bæta minn leik svo eftir var tekið,“ sagði Aron.

> Það var á stefnuskránni að taka eitt keppnistímabil hér heima og fara svo aftur út.
>
> Aron Rafn Eðvarðsson

### Sofandi risi

Hamburger Sport-Verein hefur gengið í gegnum miklar sveiflur á síðustu árum. Liðið varð bikarmeistari 2010, Þýskalandsmeistari 2011 og vann Meistaradeild Evrópu 2013.

Síðan lenti félagið í miklum fjárhagsvandræðum og eftir að hafa barist í bökkum var það úrskurðað gjaldþrota í desember árið 2015. Félagið var í kjölfarið dæmt niður í þriðju efstu deild. Næstu ár þar á eftir fóru í endurskipulagningu á rekstri félagsins og uppbyggingu á leikmannahópi liðsins. Liðið vann C-deildina í vor og mun þar af leiðandi vera nýliði í B-deildinni á næstu leiktíð.

„Ég hef engar áhyggjur af því að það sé ekki allt í toppmálum hvað fjármálin varðar hjá félaginu. Mér skilst að það séu bæði fleiri og öflugri bakhjarlar hjá félaginu en þegar það fór á hausinn. Þá hafi verið teknar skynsamlegri ákvarðanir hvað varðar útgjöld og boginn ekki spenntur jafn hátt í leikmannakaupum og launakostnaði. Ég er bara mjög spenntur fyrir þessu og vona að ég geti hjálpað liðinu að komast í efstu deild sem er markmiðið hjá liðinu,“ sagði Aron Rafn um stöðu mála hjá Hamburger Sport-Verein.

Ef að líkum lætur verður Hamburger Sport-Verein fjórða erlenda liðið sem Aron Rafn leikur með, en þessi uppaldi Haukamaður hefur áður leikið með þýska liðinu SG BBM Bietigheim, sænska liðinu Eskilstuna Guif og danska liðinu Álaborg.

Aron Rafn er þriðji íslenski markvörðurinn sem heldur út í atvinnumennsku í sumar, en Ágúst Elí Björgvinsson fór frá FH til Eskilstuna Guif. Þá söðlaði Björgvin Páll Gústavsson um og gekk til liðs við Skjern frá Haukum. Það eru góð tíðindi fyrir íslenska landsliðið að þeir íslensku markmenn sem hafa séð um að verja mark liðsins undanfarið verði allir á mála hjá erlendum liðum á næsta keppnistímabili.

hjorvaro@frettabladid.is

# Sigtryggur Arnar samdi við Grindvíkinga



**KÖRFUBOLTI** Grindavík fékk góðan liðsstyrk fyrir komandi tímabil í Domino's-deild karla í gær þegar bakvörðurinn Sigtryggur Arnar Björnsson samdi við liðið út næsta tímabil.

Var hann einn af bestu leikmönnum deildarinnar í fyrra þegar hann lék með Tindastóli en hann hefur einnig leikið með Skallagrími í efstu deild.

Hafa Stólarnir sótt góðan liðsstyrk á undanförnum vikum en Urald King, Brynjar Þór Björnsson og Danero Axel Thomas hafa allir gengið til liðs við Stólana.

Átti Sigtryggur stóran hlut í frábærum árangri Stólanna á síðasta tímabili þegar félagið vann fyrsta titil sinn ásamt því að leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Var hann með 19,4 stig, 3,3 stoðsendingar og fjögur fráköst á þeim 30 mínútum sem hann fékk að meðaltali.

Skilaði það honum sæti í íslenska landsliðshópnum í vetur en hann gat ekki tekið þátt í verkefninu vegna meiðsla.

Mun hann leysa af hólmi Dag Kára Jónsson sem yfirgaf Grindavík á dögunum og samdi við uppeldisfélag sitt, Stjörnuna. – **kpt**

### Pepsi-deild kvenna

**Grindavík - KR 2-1**
1-0 Helga Guðrún Kristinsdóttir (28.), 2-0 Rio Hardy (29.), 2-1 Mia Annete Gunter (40.)

**Selfoss - Breiðablik 0-1**
0-1 Selma Sól Magnúsdóttir (47.).

**Stjarnan - FH 6-2**
0-1 Jasmín Erla Ingadóttir (17.), 1-1 Telma Hjaltalín Þrastardóttir (28.), 2-1 Telma Hjaltalín (29.), 3-1 Telma Hjaltalín (40.), 4-1 Ásgerður Stefanía Baldursdóttir (52.), 5-1 Telma Hjaltalín (73.), 6-1 María Eva Eyjólfsdóttir (87.), 6-2 Marjani Hing-Glover (89.).


Þjálfarateymið ætti að kannast við belgíska liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Belgía og Portúgal með Íslandi í riðli

**KÖRFUBOLTI** Ísland mætir kunnuglegum andstæðingi í undankeppni EuroBasket 2021 en dregið var í undanriðlana í gær. Með Íslandi í riðli eru Belgía og Portúgal og fara fyrstu leikirnir fram í september og lýkur riðlakeppninni með leik Belgíu og Íslands ytra þann 24. febrúar næstkomandi.

Virtist Craig Pedersen, þjálfari landsliðsins, vera nokkuð bjartsýnn á möguleika Íslands á að komast á EuroBasket þegar hann ræddi framtíð sína á dögunum.

Mætti Ísland liði Belgíu í undankeppni EuroBasket 2017 þar sem liðin unnu sitt leikinn hvort en Ísland hefur mætt Belgíu fimm sinnum á síðustu þremur árum.

Lengra er síðan íslenska karlalandsliðið mætti Portúgal eða sextán ár en þá vann Ísland nauman sigur á Portúgal ytra. – **kpt**

# Ólafía hefur leik í Wisconsin



**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR, hefur leik á Thornberry Creek Classic-mótinu í golfi í Oneida, Wisconsin í dag. Er þetta fjórða helgin í röð sem Ólafía leikur á LPGA-mótaröðinni en hún rétt missti af niðurskurðinum á PGA-meistaramótinu um síðustu helgi.

Er þetta annað árið í röð sem hún leikur á þessu móti en hún náði niðurskurði í fyrra og hafnaði í 36. sæti ásamt öðrum kylfingum á tíu höggum undir pari.

Fer hún snemma af stað eða klukkan 7.41 að morgni til að staðartíma og er í öðrum ráshóp mótsins. Hefur hún leik á fyrsta teig og er með Mina Harigae og Allison Emrey í ráshóp en Ólafía ætti að kannast við þær báðar. Lék hún um tíma með Allison í Wake Forest í bandaríska háskólagolfinu en hún var í ráshóp með Mina í Lotte meistaramótinu í apríl síðastliðnum. – **kpt**

# Fólk

## Tíska

FIMMTUDAGUR 5. JÚLÍ 2018



**Á undanförnum árum hefur vöxturinn í sölu á tískufatnaði fyrir karla orðið meiri en vöxturinn í sölu á kvennatísku. Karlmenn leggja aukna áherslu á útlitið og götufatnaður nýtur gríðarlegra vinsælda.** →4



# Fékk samning við franska módelskrifstofu

Alísa Helga Svansdóttir er einungis 15 ára fyrirsæta en hefur náð góðum árangri og er eftirsótt til að kynna hinar ýmsu vörur, bæði hér á landi sem erlendis. Hún er nýlega komin frá París þar sem hún gerði samning við módelskrifstofu. →2

Alísa myndast vel og það er auðvelt að breyta henni með förðun sem þykir góður eiginleiki hjá fyrirsætum. MYND/KÁRI SVERRISSON





ÚTSALA

30-60% AFSLÁTTUR

*Fallegt, fágað og töff*

comma,

SMÁRALIND

Framhald af forsíðu

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Alísa Helga hefur verið að vinna við alls kyns verkefni á vegum Eskimo Models sem er umboðsskrifstofa hennar hér heima. „Ég hóf módelstörf eftir námskeið á vegum Eskimo en ég hafði farið á námskeið á þeirra vegum sem snerist um tísku, förðun og framkomu. Í framhaldinu sá ég auglýst eftir módelum á Instagram á vegum Eskimo og fékk ég verkefnið. Þá varð ekki aftur snúið,“ segir hún.

„Ég hef tekið að mér fyrirsætustörf á Íslandi fyrir innlenda og erlenda aðila auk þess sem ég hef unnið við hinar og þessar tískusýningar ef slík verkefni eru í boði. Oft á tíðum þarf ég að ferðast mikið innanlands vegna þeirra verkefna sem ég fæ. Þá fer ég oft á staði úti á landi sem ég myndi að öllu jöfnu ekki fara til eða sjá. Það finnst mér mjög skemmtilegt og líka að fá að kynnast fólki sem tengist vinnunni en það eru bæði Íslendingar og útlendingar frá hinum ýmsu löndum.

Ég er nýkomin frá París. Erlend módelskrifstofa sem er í tengslum við Eskimo bauð mér í prufu þegar starfsmenn hennar voru staddir hér á landi síðastliðinn vetur með það í huga að hitta stúlkur sem þeir hefðu mögulega áhuga á að fá til starfa erlendis. Ég var í París í tæpa viku og fór í myndatökur á vegum skrifstofunnar. Þeir voru mjög ánægðir með myndirnar og buðu mér samning í framhaldinu. Ég er mjög þakklát fyrir þetta tækifæri en Eskimo á Íslandi hefur reynst mér mjög vel í þessu ferli. Ég nýtti mér frítíma til að skoða borgina og auðvitað versla enda mörg af frægustu tískumerkjum í heiminum með verslanir þar.“

Alísa segir það skemmtilegasta við starfið að kynnast fullt af nýju fólki sem tengist þeim verkefnum sem hún tekur þátt í. „Ég ferðast töluvert og kynnist nýjum hlutum bæði í fatnaði og förðun sem ég hef mikinn áhuga á. Ég er að vinna fyrir marga og mismunandi aðila en ég hef samt verið töluvert í verkefnum sem tengjast íslenskum hönnuðum og íslenskum ljósmyndurum. Annars eru auglýsingar stór hluti af því sem ég tek þátt í fyrir bæði íslensk og erlend fyrirtæki.

Mér finnst mjög ánægjulegt þegar ég fæ skilaboð send á Snapchat frá vinum mínum sem hafa tekið eftir myndum af mér á strætóskýlum eða á auglýsingaskilti í Kringlunni,“ segir Alísa Helga.

Hún er alin upp í Reykjavík og hefur lengst af búið í Grafarholti. Alísa fer í tíunda bekk í haust en henni hefur tekist vel að sameina námið og fyrirsætustörfin. „Stundum er álagið töluvert en þetta hefur gengið vel engu að síður,“ segir hún en Alísa hefur alltaf haft áhuga á tísku. „Ég hef eiginlega alltaf haft gaman af því að klæða mig í flott föt alveg frá því ég var lítil og síðan hefur áhuginn bara vaxið enn frekar með tímanum. Ég fylgist mjög vel með öllu sem tengist tísku og útliti enda lifi ég og hrærist í kringum þessa hluti. Það fer auðvitað eftir veðráttu hvernig ég klæði mig en mér finnst voða gott að vera í einhverju þægilegu eins og gallabuxum, hettupeysu og íþróttaskóm, svo er rauður litur í miklu uppáhaldi þessa dagana. Eftirlætishönnuður minn er Donatella Versace,“ segir Alísa og segist jafnan stökkva á eitthvað flott þegar hún sér það í verslunum, hvort sem það er hér heima eða erlendis. „Það er vissulega miklu meira úrval í verslunum erlendis.“

Alísa klárar grunnskólann á næsta ári og á von á skemmtilegum vetri. „Ég fer örugglega í stuttar ferðir til Parísar í tengslum við fyrirsætusamninginn minn. Mér finnst þetta skemmtilegasta starf í heimi og það eykur sjálfstraustið. Ég myndi mæla með því fyrir allar stelpur að prófa að sækja um enda er alltaf verið að leita að nýjum andlitum.“





Alísa hefur haslað sér völl í heimi tískunnar þótt ung sé að árum.



Flott mynd í sérkennilegu landslagi. Alísa Helga hefur upplifað margt skemmtilegt í fyrirsætustörfum.



Alísa Helga er á uppleið í fyrirsætuheiminum. MYND/KÁRI SVERRIS



Alísa fékk verkefni með fólki frá Kólumbíu í september. Ekki hlýjasti tíminn til að vera í tólf metra silkikjól á Íslandi. Myndin er tekin rétt hjá Vík í Mýrdal.







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# STÓRÚTSALA
# 30-50% afsláttur




hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Mikill vöxtur í karlatískunni

## Á undanförnum árum hefur vöxturinn í sölu á tískufatnaði fyrir karla orðið meiri en vöxturinn í sölu á kvennatísku. Karlmenn leggja aukna áherslu á útlitið og götufatnaður nýtur gríðarlegra vinsælda.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Þó konur eyði ennþá meira en karlar í tískufatnað er meiri vöxtur í sölu á tískufatnaði fyrir karla en konur og gert er ráð fyrir að bilið breikki enn frekar á næstu árum. Auknar vinsældir götufatnaðar virðast keyra söluna áfram.

Það hefur reyndar hægst á sölu á tískufatnaði fyrir bæði karla og konur á síðustu árum, samkvæmt markaðsrannsóknum Euromonitor, eins fremsta markaðsrannsóknarfyrirtækis Bretlands. Árið 2016 var þenslan í sölu á báðum gerðum af tískufatnaði jafn mikil, en síðan þá hefur vöxturinn verið meiri í karlatísku en kvenna. Euromonitor spáir því að þessi þróun haldi áfram og að árið 2021 verði vöxturinn í sölu á karlatísku 1,9%, en hann verði 1,4% í kvennatísku.

> Þessi þróun er rekin áfram af ungum körlum sem leggja meiri áherslu á útlitið en fyrri kynslóðir og eru nú orðnir einhverjir helstu viðskiptavinir hátískumerkja.



Það er svakalegur vöxtur í sölu á tískufatnaði fyrir karlmenn. NORDICPHOTOS/GETTY

### Kvennamarkaðurinn enn þá stærstur

Þetta kemur þeim sem fylgjast vel með karlatísku kannski ekki sérlega á óvart. Árið 2009 byrjaði vöxturinn í karlatísku að verða meiri en í kvennatísku, en samkvæmt tölum Euromonitor náði kvennatískan að saxa á þetta forskot seinna meir.

En þó að vöxturinn í karlatísku sé meiri er markaðurinn fyrir kvennatísku samt enn þá töluvert stærri en markaðurinn fyrir karlatísku. Árið 2017 seldust tískuföt kvenna fyrir tæplega 643 milljarða dollara, en karlatískuföt seldust fyrir rúmlega 419 milljarða dollara.

Markaðurinn fyrir kvennatísku er ef til vill mettaðri en sá fyrir karlana. Tískuheimurinn hefur lengi lagt aðaláhersluna á að markaðssetja föt fyrir konur og því má gera ráð fyrir að það sé meira rúm fyrir karlamarkaðinn til að stækka.

### Götufatnaður orðinn allsráðandi

En það eru líka einfaldlega aðrir drifkraftar á bak við karlatísku en áður. Götufatnaður er orðinn allsráðandi í tískunni og hann hefur þróast frá því að vera samblanda af ýmsum vörumerkjum sem tengdust rapp- og hjólabrettamenningu yfir í að vera vinsæl hátískuvara sem fínustu og dýrustu merkin framleiða og selja.

Samkvæmt Reuters fréttastofunni er það vöxturinn í sölu á götufatnaði og öðrum óformlegum klæðnaði sem er að rífa upp söluna á tískufatnaði fyrir karla. Þessi þróun nær líka til lúxusmerkja, sem eru að auka áhersluna á karlatísku og farin að ráða tískuhönnuði sem framleiða karlaföt og fjárfesta í fatnaði fyrir karla.



Poppsöngkonan Rihanna mætti með stílistanum sínum og rapparanum A$AP Rocky á sýninguna á karlafatnaði hjá Louis Vuitton á tískuvikunni í París.



Kid Cudi tók þátt í sýningunni á karlafatnaði Louis Vuitton á tískuvikunni í París í síðasta mánuði.

Þessi aukna áhersla á óformlega karlatísku var greinileg á tískuvikunni í París núna nýlega og þar sýndi plötusnúðurinn fyrrverandi Virgil Abloh, sem er nú listrænn stjórnandi karlafatnaðar fyrir Louis Vuitton, hönnun sína frammi fyrir mörgum af þekktustu andlitum rappheimsins.

Þessi þróun er rekin áfram af ungum körlum sem leggja meiri áherslu á útlitið en fyrri kynslóðir og eru nú orðnir einhverjir helstu viðskiptavinir hátískumerkja.

„Menn leggja meiri áherslu á útlitið og það er meðal annars vegna tilkomu samfélagsmiðla og af því að reglur um klæðaburð hafa almennt slaknað hjá körlum um allan heim,“ sagði Marguerite Le Rolland, ráðgjafi í tísku og fegurð, við Euromonitor.

Á sama tíma hefur sala á jakkafötum minnkað, en í Vestur-Evrópu dróst hún saman um 700 milljón dollara milli 2012 og 2017. Um leið var vöxtur í sölu á hágæða gallabuxum.

Stórverslanir eins og Saks Fifth Avenue hafa tekið eftir þessari þróun og eru farnar að bæta við vörum frá vörumerkjum sem sérhæfa sig í karlatísku, eins og Ami frá Frakklandi og Off-White, sem var stofnað af Virgil Abloh. Heildsalar höfðu líka orð á því að þeir ætluðu sér að kaupa meira af karlafatnaðinum sem var sýndur á tískuvikunni í París en þeir höfðu búist við fyrirfram.







SHIMANO
TRI
RFR.
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
CUBE
#cubekids
STAGES CYCLING
Wilier TRIESTINA
WWW.TRI.IS
LOUISGARNEAU
ParkTool
Tacx
STAGES CYCLING
#becube #triverslun
RolfPRIMA
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

Kringlan SMÁRALIND FJÖRÐUR
BÓNUS KJÖRBÚÐIN Krambúð nettó
N1 olís bóksala stúdenta Háma





FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.







Yfirhöfnum í yfirstærð mátti sjá hlaðið hverri yfir aðra svo fyrirsæturnar minntu helst á flokk hirðingja sem hefði bundið utan á sig allt sitt hafurtask. John Galliano er höfundur haust- og vetrarlínu Maison Margiela.

# Óvæntar samsetningar og endurnýtt

## Vel dúðaðar fyrirsætur sýndu nýjustu línuna frá Maison Margiela á tískuvikunni í París. Hönnuðurinn hlóð hverri yfirhöfninni yfir aðra.

Tískuhúsið Maison Margiela kynnti haust- og vetrarlínu sína 2018-19 á tískuvikunni í París nú í vikunni. Þar gengu fyrirsæturnar fram pallana, dúðaðar upp fyrir haus. Hönnuðurinn á bak við línuna, John Galliano virtist á svipuðum nótum og í vor þegar fyrstu flíkur haustlínunar voru kynntar í París en þá var sýningunni lýst á vogue.com, sem fyrirsæturnar væru klæddar eins og heimsendir væri í nánd.

Línan kallast Artisanal – Collection og er handverk og endurnýtt efni í hávegum haft, til dæmis mátti sjá þykk teppi úr endurunnum svampi, vafin um fyrirsæturnar, endurunnið silki og útsaum prýða flíkurnar. Stórar yfirhafnir sem teknar höfðu verið í sundur og settar saman á nýjan og óvæntan máta settu sterkan svip á sýninguna og þá mátti sjá púða og pullur hanga utan á flíkunum. Margar yfirhafnir, hver yfir aðra, bundnar saman með belti gerðu það að verkum að í heildina minntu fyrirsæturnar á ættflokk hirðingja sem tekið höfðu sig upp og bundið utan á sig allt sitt hafurtask.



Vel dúðaðar fyrirsætur Margiela á tískuvikunni í París í vikunni.

Fjólublá kápa sem sniðin er eins og kjóll.

Handverk og endurnýting á efnum setti svip sinn á línuna.

# Landsmót UMFÍ

FIMMTUDAGUR 5. JÚLÍ 2018

Kynning: Ungmennafélag Íslands, Skagafjörður



„Við kynnum nú í rauninni til sögunnar nýtt landsmót með nýjum áherslum," segir Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ. MYND/ERNIR

## Sannkölluð íþróttaveisla

Landsmót UMFÍ verður haldið á Sauðárkróki 12.–15. júlí. Mótið er skemmtileg samverustund fyrir fjölskyldur og vini þar sem hreyfing og íþróttir eru í forgrunni. Boðið er upp á keppni í rúmlega 30 greinum, bæði þekktum og nýjum, auk skemmtiatriða og fróðleiks.

Landsmót UMFÍ fer fram á Sauðárkróki dagana 12.–15. júlí. Eins og fyrri ár geta þátttakendur keppt í fjölda íþróttagreina auk þess sem ýmiss konar skemmtun og fróðleikur verður í boði fyrir keppendur og aðra fjölskyldumeðlimi. Landsmótið er sannkölluð íþróttaveisla og fastur liður í lífi margra íþróttamanna og fjölskyldna þeirra en mótið hefur þó gengið í gegnum gríðarlega miklar áherslubreytingar undanfarið ár að sögn Auðar Ingu Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra UMFÍ.

„Við kynnum nú í rauninni til sögunnar nýtt landsmót með nýjum áherslum. Landsmótið mætir bæði þörfum þeirra sem vilja keppa og þeirra sem vilja vera með og taka þátt. Helsta breytingin er sú að Landsmótið er opið öllum 18 ára og eldri og geta þátttakendur sett saman sitt eigið mót. Þeir geta keppt, látið vaða, prófað og fengið kennslu, leikið sér og skemmt sér því rúmlega 30 greinar eru í boði á mótinu og því ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi."

### Einfalt að taka þátt

Auður segir Landsmótið vera miklu meira en íþróttamót. „Þetta er íþróttaveisla þar sem íþróttir verða í aðalhlutverki á daginn og skemmtun í góðum félagsskap ráðandi á kvöldin. Nú þegar liggur fyrir að Auddi Blö og Steindi munu stýra götupartíi á milli þess sem þeir prófa ýmsar íþróttagreinar. Svo munu bæði Páll Óskar og hljómsveitin Albatross halda uppi stuðinu og Geirmundur Valtýsson tryllir lýðinn í ekta skagfirskri sveiflu."

Önnur áhersla á Landsmótinu er fólgin í því að einfalt er að setja saman lið í hverri grein. „Í flestum tilvikum eru aðeins 2–3 í hverju liði. Þá er leiktíminn í styttri kantinum og því má búast við stuttum og hröðum leikjum. Það getur svo

Framhald á síðu 2



Ungir og eldri keppendur fjölmenna í blakið sem er alltaf vinsæl íþrótt.



Skotfimi er vinsæl grein á Landsmótinu sem sífellt fleiri taka þátt í.



Það sjást oft skemmtileg tilþrif hjá keppendum á öllum aldri.

myndað skemmtilegar aðstæður og mikla spennu. Þátttakendur greiða aðeins eitt þátttökugjald sem er stillt í hóf til þess að sem flestir geti verið með.“

## Fjöldi nýrra greina

Mikil áhersla er lögð á nýjar íþróttagreinar og um leið nýjar og spennandi útfærslur á öðrum greinum. „Í ár verður keppt í fyrsta skipti hér á landi í nokkrum greinum. Þar má til dæmis nefna krolf og biathlon, fótboltapanna og margar fleiri. Ef einhverja dreymir um að hlaupa á strönd með Drangey í bakgrunni þá verður það að veruleika á Landsmótinu á Sauðárkróki. Þar að auki eru fjölmargar greinar tengdar ströndinni skagfirsku. Greinarnar eru svo margar að við hvetjum fólk til að kynna sér þær á vef okkar, landsmotid.is.“

Enn ein breytingin sem UMFÍ kynnir á Landsmótinu í ár er sú að afþreyingin á mótinu er meira hreyfitengd en áður. „Þar má nefna að á svæðinu verður 50 metra löng þrautabraut, fótboltapílukast, spikeball og alls konar þrautir og leikir fyrir alla fjölskylduna. Það er því upplagt að koma til Sauðárkróks í sannkallaða íþróttaútilegu.“

Auður segir Landsmótið sameina andlega, líkamlega og félagslega heilsu fólks. „Það sama á við um unglingalandsmótið sem er annar viðburður á vegum UMFÍ fyrir börn og ungmenni á aldrinum 11-18 ára og fer fram um verslunarmannahelgina. Báðir þessir viðburðir skapa aðstæður þar sem auðvelt er að stunda heilbrigða lífshætti, efla vitund og vitneskju fólks ásamt því að skapa félagslega samveru og eftirminnilega upplifun.“

## Betra samfélag

Samfélagið hefur verið að þróast og þar eru íþróttir og hreyfing ekki undanskilin að sögn Auðar. „Framtíðarsýn UMFÍ er að mæta þörfum og bæta samfélagið. Þar af leiðandi þarf að taka tillit til breyttra þarfa

> **Ég hef sett mér markmið um að prófa þrjár til fjórar íþróttagreinar. Vinkonur mínar úr íþróttunum í gamla daga eru orðnar mjög spenntar fyrir Landsmótinu og hafa sett saman lið í bæði brennó og strandblaki og skorað á maka sína til þátttöku í fleiri greinum.**

fólks. Landsmótið var á sínum tíma einn af fáum íþróttaviðburðum sem í boði voru á Íslandi. En í dag er til fullt af flottum innlendum og erlendum íþróttaviðburðum þar sem afreksfólk er í fararbroddi. Grasrótin í ungmennafélagshreyfingunni vildi færa nálgunina yfir á breiðara svið svo fleiri gætu tekið þátt og haft gaman af því að hreyfa sig. Landsmótið er niðurstaðan af þeirri stefnumótun sem fór fram og á að stuðla að því að bæta samfélagið með þátttöku fleira fólks í íþróttum.“

Hún bendir á að áherslur í alþjóðlegu samhengi séu að breytast hratt. Sama hvar stigið er niður sé val lykilorðið. „Fólk vill geta valið hvaða íþróttir það stundar, hvar það stundar þær, hvenær og hvernig. Við sjáum að hefðbundnar staðalímyndir eru alls staðar á undanhaldi. Við hlustum á fleiri og tökum tillit til þarfa þeirra. Íþrótta- og ungmennafélög eru mikilvægasti liðurinn í því þar sem grasrótarstarfið fer fram á þeirra vegum.“

Fólk nýtir sér tæknina í meiri mæli en nokkru sinni áður segir Auður. „Við sjáum til dæmis í löndunum í kringum okkur að e-íþróttir (rafrænar íþróttir) eru í mikilli uppsveiflu en þar er til dæmis átt við íþróttir í tölvuleikjum. Við höfum ekki orðið vör við slíka þróun hér á landi og verður forvitnilegt að sjá hvernig málin þróast á Íslandi.“



Keppt er í rótgrónum íþróttum eins og glímu. MYND/UMFÍ

## Skemmtileg samverustund

Auður ætlar að sjálfsögðu að taka þátt í Landsmótinu með fjölskyldu sinni og hlakkar mikið til. „Ég hef sett mér markmið um að prófa þrjár til fjórar íþróttagreinar. Vinkonur mínar úr íþróttunum í gamla daga eru orðnar mjög spenntar fyrir Landsmótinu og hafa sett saman lið í bæði brennó og strandblaki og skorað á maka sína til þátttöku í fleiri greinum. Þeir eru til dæmis búnir að búa til lið í knattspyrnu. Einhverjir ætla líka að skella hjólunum aftan á bílinn og taka þátt í götuhjólreiðum eða fjallahjólreiðum. Utan þess geri ég ráð fyrir að koma að framkvæmd Landsmótsins með Ómari Braga Stefánssyni, framkvæmdastjóra mótsins, verkefnastjórunum Thelmu Knútsdóttur og Pálínu Hraundal og öllum þeim frábæru sjálfboðaliðum sem hjálpa til við að halda Landsmótið, en mótshaldið er samstarfsverkefni UMFÍ, héraðssambandsins UMSS og sveitarfélagsins Skagafjarðar.“

Hún hvetur sem flesta til að taka þátt og skrá sig til leiks á landsmotid.is. „Landsmót UMFÍ mun halda áfram að þróast og verða skemmtileg samverustund fyrir fjölskyldur og vini þar sem hreyfing og íþróttir verða í forgrunni enda öflugur liður í forvarnarstarfi og bættri lýðheilsu þjóðarinnar.“

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442 | Veffang: frettabladid.is

# TILBOÐ á grillkjöti!

## Meyrt og gott úr íslenskri náttúru

| | |
|---|---|
| Lúxusgrillpakki í hvítlaukspipar | 1298 kr. kg. |
| Hátíðarlambalæri | 1498 kr. kg. |
| Grand cru lambalæri | 1498 kr. kg. |
| Hátíðar lambaprime | 2790 kr. kg. |
| Grand cru lambaprime | 2790 kr. kg. |

## Verið velkomin á Landsmótið á Sauðárkróki





**Opið í Skagfirðingabúð**
**frá kl. 10.00-18.00**
**laugardaginn 14. júlí**



**Skagfirðingabúð**
*fyrir góðan dag*

# Stefna báðir á gullið

Bræðurnir Gunnar og Sævar Birgissynir frá Sauðárkróki ætla ekki að láta sig vanta á Landsmót UMFÍ í sínum heimabæ. Þeir munu keppa í hjólaskíðaspretti og má búast við harðri baráttu um gullið.



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Gunnar og Sævar hafa báðir æft og keppt í skíðagöngu frá því þeir muna eftir sér. Sævar var í landsliðinu í 13 ár og keppti m.a. á Vetrarólympíuleikunum árið 2014 og á þremur heimsmeistaramótum. Þeir bræður ætla að taka þátt í keppni í hjólaskíðaspretti á æskuslóðunum á Sauðárkróki og í þetta sinn fer keppnin fram á malbiki.

„Hjólaskíðasprettur er sumaræfing fyrir skíðamenn og það eina sem þarf til eru hjólaskíði og malbik,“ segir Gunnar sem starfar á íþróttadeild RÚV og er þjálfari í knattspyrnu hjá Breiðabliki. „Ég vona að sem flestir taki þátt en keppnin verður stutt og laggóð og mjög áhorfendavæn,“ segir Sævar sem lagði keppnisskíðin á hilluna í vetur.

### Stífar æfingar í sumar

Þeir lofa harðri og spennandi keppni og eru þegar byrjaðir að undirbúa sig. „Við stefnum á að æfa stíft í að minnsta kosti tvo til þrjá tíma á dag vikurnar fyrir mótið. Það hefur alltaf verið mikil keppni á milli okkar bræðranna og við stefnum auðvitað báðir á gullið,“ segir Gunnar og bætir glettnislega við hann sjái ekkert því til fyrirstöðu að hann hreppi það. Sævar er þó ekki á sama máli og segir bróður sinn alltaf hafa verið yfirlýsingaglaðan. Það verður því spennandi að sjá hver úrslitin verða en faðir þeirra, Birgir Gunnarsson, hefur séð um undirbúning keppninnar.

„Okkur langar að koma gönguskíðaíþróttinni meira á kortið á Íslandi. Undanfarin ár hefur verið mikill uppgangur í greininni en það er samt ekki langt síðan við bræðurnir vorum þeir einu á Sauðárkróki sem stunduðu skíðagöngu, ásamt pabba. Núna eru 2-300 manns á gönguskíðum allar helgar í Bláfjöllum en það má enn auka veg þessarar góðu íþróttar,“ segir Gunnar og bætir við að sennilega séu fáar íþróttir sem reyni á eins marga vöðva líkamans og skíðaganga, auk þess sem útiveran sé alveg geggjuð.

### Verða í kaffi hjá ömmu á milli keppna

Þeir bræður láta sér ekki nægja að keppa í hjólaskíðaspretti. Sævar ætlar einnig að keppa í götuhjólreiðum. „Við mætum nokkrir sem verðum saman í liði. Hvað keppni snertir er mjög gott að hafa eitthvað til að stefna að. Ég hjóla á hverjum degi, enda er ég vanur að hreyfa mig í allt að fimm tíma daglega. Ég þarf aðeins að trappa mig niður eftir skíðaferilinn,“ segir Sævar sem býr í Mosfellsbæ en lætur sig ekki muna um að hjóla í vinnuna hjá VÍS í Ármúlanum á hverjum degi.

Gunnar ætlar að keppa í strandblaki ásamt Velinu Apostolova, kærustu sinni. „Velina er margfaldur Íslands- og bikarmeistari í blaki og er mjög öflug íþróttakona. Það er skilyrði fyrir þátttöku að kona og karl séu saman í liði og við ákváðum því að skrá okkur saman til leiks. Svo kemur bara í ljós hvort við eigum skap saman í keppni,“ segir hann og er bjartsýnn á góðan árangur.

Þeir bræður búa svo vel að eiga stóra fjölskyldu á Sauðárkróki og gera ráð fyrir að gista í fjölskyldubústaðnum á meðan á landsmótinu stendur. „Við reiknum svo með að vera í kaffi og pönnukökum hjá ömmu á milli þess sem við keppum,“ segja Gunnar og Sævar að lokum.




Bræðurnir reikna með að vera í kaffi og pönnukökum hjá ömmu sinni á milli þess sem þeir keppa. MYND/EYÞÓR




SUMARSMELLURINN 2018
NÚ MEÐ ÁVAXTABRAGÐI
OPAL
RISA
Ávaxtatöflur
RISA
PAL
Saltlakkrís
SYKURLAUS
RISA
AL
Piparlakkrís
SYKURLAUS
Láttu RISA Opal með ávaxtabragði koma þér í rétta sumarskapið.
Skemmtilegt bragð sem þú verður að prófa.
Opal, bætir andrúmsloftið.
NÓI SÍRÍUS

# Brjálað götupartí á Króknum

Auðunn Blöndal, Steindi, Sverrir Bergmann og Halldór Gunnar Fjallabróðir mæta allir á Landsmót UMFÍ á Sauðárkróki. Þeir ætla að halda uppi stanslausu fjöri og bregða á leik með gestum.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Auðunn segir að þeir félagarnir verði með götupartí og lofar miklu fjöri. „Götupartí hefur ekki verið áður á Króknum og þess vegna ætlum við að leggja áherslu á að þetta verði virkilega skemmtilegt. Það verður grillað, hlaupið, skemmtilegar uppákomur, söngur og glens,“ segir hann. Auddi og Sverrir Bergmann eru æskufélagar og báðar aldir upp á Króknum. Þá lofar Auddi að Geirmundur Valtýsson taki upp nikkuna og haldi uppi góðri stemmingu.

„Við erum mjög peppaðir fyrir því að halda uppi fjörinu á Króknum. Það verður gott að borða og ýmsar óvæntar uppákomur. Við félagarnir munum bregða á leik með gestum og taka þátt í íþróttaleikjum. Það verður mikil götustemming í bænum og vonandi verður þetta bæjarhátíð sem er komin til að vera,“ segir hann.

„Það geta allir skráð sig í hin ýmsu mót sem verða í boði. Fólk þarf ekki að vera í neinu íþróttafélagi til þess. Þetta er tilvalið fyrir vinahópa, skreppa norður, kíkja á



Auðunn Blöndal hlakkar til götuveislunnar á Sauðárkróki þar sem hann verður með glens og gaman.

ball með Páli Óskari og taka þátt í dagskránni. Svo vonumst við auðvitað til að brottfluttir Króksarar komi í heimsókn enda er þetta hátíð fyrir alla.“

Auddi segir að hann hafi alist upp á Króknum til nítján ára aldurs og þekki alla í bænum. „Fjölskyldan mín er flutt til Reykjavíkur en ég á marga gamla og góða vini í bænum. Ég vann um tíma í bakaríinu og einnig var ég flokksstjóri. Það er ekki hægt að hugsa sér betri stað til að alast upp á en Sauðárkrók. Þetta er fallegur bær og hann er frægur fyrir fegurð sína. Svo eru margir þekktir einstakl-



Sauðárkrókur er fagur bær að mati Audda enda ólst hann þar upp.

> **Við erum mjög peppaðir fyrir því að halda uppi fjörinu á Króknum, alls kyns óvæntar uppákomur.**

ingar frá Króknum,“ segir Auddi en einn af þeim mörgu er Úlfur Úlfur. „Ég vil endilega hvetja alla til að drífa sig norður því þetta verður æðislega skemmtilegt.“

Sverrir Bergmann mun troða upp á hátíðinni ásamt Halldóri Gunnari Pálssyni úr Fjallabræðrum en þeir hafa unnið mikið saman. Sverrir kemur oft fram með Fjallabræðrum. Landsmótið sjálft er síðan sannkölluð íþróttaveisla þar sem verður fjölbreytt dagskrá fyrir alla aldurshópa.

# Allir finna eitthvað við sitt hæfi í Skagafirði

Landsmót UMFÍ mun draga mikinn fjölda ferðafólks til Skagafjarðar og er þá til góða að sveitarfélagið er sannkallaður ævintýraheimur þegar kemur að fjölbreyttri afþreyingu og skemmtun.

Alls kyns viðburðir verða í boði á Landsmóti UMFÍ fyrir mótsgesti en mótið fer fram á þéttum kjarna miðsvæðis á Sauðárkróki og aðgengi að uppákomum því með besta móti. Fyrir þá sem vilja sækja sér afþreyingu út fyrir mótssvæðið má benda á vefsvæðið visitskagafjordur.is þar sem skoða má flest það sem sveitarfélagið og fyrirtæki á svæðinu hafa upp á að bjóða, hvort sem það eru flúðasiglingar, hestaferðir, gönguferðir um söguslóðir, fuglaskoðun eða upplýsingar um náttúrulaugar, gistingu og veitingastaði.

Skagafjörður státar af ríkulegum menningararfi og fornfrægum sögustöðum en allt frá landnámi hefur svæðið gegnt mikilvægu hlutverki í sögu Íslands. Mikilfenglegt þykir að ríða um héraðið á hesti og er svæðið enda einn þekktasti áfangastaður hestamanna hér á landi. Í Skagafirði er fjöldi hestaleiga sem bjóða upp á lengri og skemmri hestaferðir, sýningar um íslenska hestinn og heimsóknir á hrossaræktarbú.

Fyrir þá sem vilja heldur ganga á tveimur jafnfljótum þá er að finna fjölbreyttar gönguleiðir, hvort sem er fyrir göngugarpa eða þá sem kjósa létta útiveru. Gefin hafa verið út göngukort af gönguleiðum um fjallgarðana í vestanverðum Skagafirði og gönguleiðum um Tröllaskaga í austanverðum Skagafirði. Finna má göngukortin í upplýsingamiðstöðvum ferðamála í Varmahlíð og á Sauðárkróki.



Siglt er út í Drangey daglega í sumar.



Útsýnið úr sundlauginni á Hofsósi er einstakt.

## Paradís fuglaskoðenda

Fuglalíf í Skagafirði er með því blómlegasta sem þekkist á Íslandi og varpstöðvar hundraða þúsunda sjávarfugla má finna í Drangey, Málmey og Lundey. Daglega er boðið upp á ferðir út í Drangey, sem er í miðjum Skagafirði, og ekki er aðeins um fuglaskoðunarferðir að ræða því oftar en ekki láta hvalir og selir sjá sig á leiðinni.

Burtséð frá ferðum út í Drangey má benda á að aðstæður til fuglaskoðunar í landi eru einnig afskaplega góðar. Á tiltölulega afmörkuðu svæði eru sjófuglar, vað- og votlendisfuglar, mófuglar, spörfuglar og ránfuglar. Á fuglaskoðunarstöðum í nágrenni Sauðárkróks hafa verið sett upp skilti um þær fjölmörgu tegundir sem finna má á svæðinu.

## Heitar laugar og matur úr heimabyggð

Allmargar heitar náttúrulaugar er að finna í Skagafirði og fimm sundlaugar verða opnar meðan á Landsmótinu stendur. Sundlaugarnar eru á Sauðárkróki, Hofsósi, Hólum í Hjaltadal, Sólgörðum í Fljótum og í Varmahlíð. Á öllum sundstöðum eru heitir pottar þar sem upplagt er að slaka á eftir ferðadag um sveitarfélagið. Þá má leggjast út í náttúrulaugar á borð við Grettislaug á Reykjaströnd og Fosslaug, skammt frá Reykjafossi.

Þá ber að nefna að sveitarfélagið var árið 2015 útnefnt EDEN-gæðaáfangastaður Íslands fyrir verkefnið Matarkistan Skagafjörður. Markmið verkefnisins var að kynna nýja, lítt þekkta áfangastaði í Evrópu þar sem áhersla er lögð á ferðaþjónustu í anda sjálfbærni. Í samræmi við útnefninguna vinna ýmsir aðilar í héraðinu saman að því að efla skagfirska matarmenningu og koma henni á framfæri. Þannig eru réttir sem að stærstum hluta eru úr skagfirsku hráefni merktir sérstaklega á matseðlum veitingahúsa sem taka þátt í verkefninu auk þess sem fjölbreytt úrval af skagfirskri matvöru má finna í verslunum, á mörkuðum og beint frá bændum.

Hér er aðeins stiklað á stóru og er þeim sem ætla að leggja leið sína um Skagafjörð í sumar bent á vefnum visitskagafjordur.is.




| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
Ekkert varð úr framkvæmdum að sinni en tveimur árum síðar dró til tíðinda. Þá var stofnað Félag um þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar. „Bjarni er oft kallaður faðir Siglufjarðar en hann hefur ekki aðeins þýðingu fyrir bæinn heldur ekki síður fyrir alla Íslendinga. Þjóðlagasöfnun hans skipti sköpum fyrir tónlistararf þjóðarinnar en um aldamótin síðustu var þetta mikla afrek hans við það að gleymast. Mér og öðrum fannst ástæða til að halda nafni hans á lofti. Fyrsta þjóðlagahátíðin var haldin árið 2000 og árið 2006 vígði Ólafur Ragnar Grímsson forseti Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði. Hann benti á í vígsluræðu sinni að Bjarni Þorsteinsson ætti að njóta álíka virðingar og Árni Magnússon handritasafnari."

Auk þess að vera listrænn stjórnandi Þjóðlagahátíðarinnar á Siglufirði hefur Gunnsteinn ferðast um allt land og tekið upp fólk á myndband við kveðskap, þjóðdansa og að leika á langspil og íslenska fiðlu fyrir Þjóðlagasetrið. Valdar upptökur eru sýndar á myndskjáum auk þess sem hægt er að skoða allt upptökusafnið í sérstökum tölvum á háalofti setursins.

**Hugað að fjölbreytni**

Yfirskrift Þjóðlagahátíðarinnar að þessu sinni er Söngvar við hafið. Íslenskir listamenn auk tónlistarmanna frá Bandaríkjunum, Svíþjóð, Hollandi, Kanada og fleiri löndum koma fram á hátíðinni. Þegar Gunnsteinn er spurður um hápunkt hátíðarinnar segir hann úr vöndu að ráða: „Það koma margir tónleikar til greina en sennilega munu lokatónleikar hátíðarinnar vekja mesta athygli. Þar mun Karlakórinn Fóstbræður og karlakórarnir í Fjallabyggð og á Dalvík flytja Brennið þið vitar eftir Pál Ísólfsson ásamt Sinfóníuhljómsveit unga fólksins undir stjórn Hallfríðar Ólafsdóttur. Á tónleikunum leikur einnig Chrissie Telma Guðmundsdóttir fiðlukonsert eftir Ernest Bloch. Það er frumflutningur verksins hér á landi."

En hvernig fer valið á tónlist á hátíðinni fram? „Við hugum að fjölbreytni og reynum alltaf að koma fólki á óvart," segir Gunnsteinn. „Að þessu sinni heimsækja okkur óvenju margir kórar, þar á meðal flytur kór frá Gotlandi í Svíþjóð Völundarkviðu, frumsamið verk eftir Jan Ekedahl í þjóðlagastíl. Sagan um Völund varðveittist á skinni í Konungsbók Eddukvæða og á steini á Gotlandi. Þetta er hádramatískt verk sem er sviðsett og flutt í búningum."

**Tónlist fjölmargra þjóða**

Námskeið eru snar þáttur í Þjóðlagahátíðinni. Mamady og Sandra Sano kenna afródans, Bára Grímsdóttir og Chris Foster bjóða upp á námskeið í íslenskum og enskum þjóðlögum og Tómas R. Einarsson heldur námskeið í kúbanskri alþýðutónlist. Þá kennir Guðrún Hannele prjóntækni. Í þjóðlagaakademíunni, sem stofnuð var árið 2006, er frætt um íslenskan þjóðlagaarf og þá erlendu tónlist sem flutt er á hátíðinni.

Eins og áður sagði er sérstök dagskrá ætluð börnum. Dúó Stemma setur upp tónleikhús fyrir börn, byggt á íslenskum þulum og þjóðlögum og sérstakt þjóðlaganámskeið verður fyrir yngstu kynslóðina."

Fyrsta þjóðlagahátíðin árið 2000 vakti mikla athygli. Gunnsteinn er spurður hvort hann telji að þjóðlagahátíðin hafi stuðlað að því að auka áhuga þjóðarinnar á þjóðlögum. Hann segir svo vera: „Frá þeim tíma sem hátíðin var fyrst haldin hefur áhugi Íslendinga á þjóðlagaarfinum snaraukist og margir ungir tónlistarmenn leita í íslensk þjóðlög, útsetja þau eða nota sem efnivið í tónverk. Ekki aðeins Íslendingar sækjast eftir því að koma fram á hátíðinni heldur berast stöðugt beiðnir frá erlendum tónlistarmönnum um að mega koma fram á henni. Þannig fléttast saman á hátíðinni tónlist fjölmargra þjóða. Við reynum að hafa hátíðina alþýðulega en um leið mjög metnaðarfulla og fáum úrvalsfólk til liðs við okkur."

## Skip og skútur til Siglufjarðar

**Það er nóg um að vera á Siglufirði því samhliða þjóðlagahátíðinni verður haldin Norræn strandmenningarhátíð í bænum. Hún hefur verið haldin árlega frá árinu 2011 og Norðurlöndin hafa skipt með sér hlutverki gestgjafa. Þátttakendur koma víðsvegar að frá Norðurlöndum og gert er ráð fyrir að skip og skútur komi siglandi til Siglufjarðar. Viðburðir á strandmenningarhátíðinni eru í formi fyrirlestra, sýninga, handverks, tónleika, leiklistar- og dansatriða. Jafnframt verða haldin málþing um norræna strandmenningu.**

**Sjá nánar á siglofestival.com.**

# Tónar fljúga út í sumarið í Skálholti og hitta opin hjörtu

Fjölmargir fínir viðburðir eru fram undan hér í Skálholti, alls er lagt upp með nítján. Hinn virti, ítalski fiðluleikari Marco Fusi hóf leikinn á þriðjudaginn en stóru flugeldarnir hjá honum verða núna um helgina. Bæði fyrirlestur og tónleikar þar sem hann frumflytur meðal annars verk eftir Báru Gísladóttur og Bergrúnu Snæbjörnsdóttur og heldur tónleika með Caput. Þær Bára og Bergrún eru einmitt staðartónskáldin þetta árið," segir Guðrún Birgisdóttir sem er framkvæmdastjóri Sumartónleika í Skálholti í ár. Hún bendir á að ekki sé á vísan að róa með veðrið á Suðurlandi þetta sumarið svo gott geti verið fyrir fólk að orna sér við eitthvað sem fari fram innan dyra, óháð veðri og vindum. „Það er líka vert að vekja athygli á manngerðri upplifun, til mótvægis við áganginn á náttúruna."



„Það er mikið búið að brasa og skipuleggja, svo springur allt út," segir Guðrún.

Sumartónleikarnir eru haldnir í 43. sinn í ár. Viðburðirnir eru frekar stuttir, um klukkutími, hver fyrir sig, að sögn Guðrúnar. Svo er frítt inn. „Almannagæði er tískuorð núna, undir þau má flokka ókeypis tónleika," segir hún og telur grósku einkenna starfið, margar ungar konur setji svip á dagskrána í sumar og verið sé að endurreisa Bachsveitina. „Það er mikið búið að brasa og skipuleggja, svo springur allt út, fiðrildin fljúga og í lok verslunarmannahelgar hljóma síðustu tónarnir. En í miðið er Skálholtshátíð og hún tilheyrir kirkjunnar fólki."

Guðrún segir aðsókn að Sumartónleikum ávallt góða, í fyrra hafi komið um 2.000 manns og sumir sæki hátíðina frá útlöndum. „Þetta er ekki heimsfræg hátíð í Brasilíu eða Kína en margir í nágrannalöndunum vita af henni og virða hana einkum fyrir tvennt, nútímatónlistina og flutning eldri tónlistar á upprunahljóðfæri. Margir listamenn frá nágrannalöndunum hafa komið hér fram og borið hróður okkar áfram. Þegar Marco Fusi sagði höfundum verka sem hann spilar að hann væri að fara til Íslands með þau, voru tónskáld sem ákváðu að elta hann og hlýða á flutninginn hér."

Sérstaða Sumartónleikanna í Skálholti er sú að í Skálholtsbúðum er hægt að hýsa listamenn og þeir dvelja gjarnan í nokkra daga, að sögn Guðrúnar. „Það verður til dálítið sérstakt andrúmsloft hér, sköpun, samæfingar og tengsl milli fólks. Þetta er eitt af því sem laðar hingað góða listamenn," segir Guðrún og bendir á að dagskráin sé á heimasíðu hátíðarinnar, sumartonleikar.is.

gun@frettabladid.is


17. JÚLÍ
BÆJARBÍÓ I HAFNARFJÖRÐUR
18. JÚLÍ
HENDUR Í HÖFN I ÞORLÁKSHÖFN
19. JÚLÍ
SKYRGERÐIN I HVERAGERÐI
20. JÚLÍ
MIDGARD BASECAMP I HVOLSVÖLLUR
21. JÚLÍ
VÍKURKIRKJA I VÍK Í MÝRDAL
22. JÚLÍ
HAVARÍ I BERUFJÖRÐUR
24. JÚLÍ
SEYÐISFJARÐARKIRKJA I SEYÐISFJÖRÐUR
25. JÚLÍ
SLÁTURHÚSIÐ I EGILSSTAÐIR
26. JÚLÍ
GAMLI BÆRINN I MÝVATNSSVEIT
27. JÚLÍ
KAFFI RAUÐKA I SIGLUFJÖRÐUR
28. JÚLÍ
GRÆNI HATTURINN I AKUREYRI
29. JÚLÍ
ELDUR Í HÚNAÞINGI - ÁSBYRGI I LAUGARBAKKI
31. JÚLÍ
VAGNINN I FLATEYRI
01. ÁGÚST
FRYSTIKLEFINN I RIF
Ásgeir
Hringsól
RÁS 2
midi.is



**Rósa sýnir verk sín víða um heim og er á leið á listahátíð í Slóveníu.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ég trúi á fegurðina

## Rósa Sigrún Jónsdóttir sýnir verk sín á listahátíð í Slóveníu. Gluggainnsetning í Amsterdam í vetur og sýning í Flórens.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Rósa Sigrún Jónsdóttir myndlistarkona er á leið á listahátíðina Art Stays í Slóveníu þar sem hún sýnir verk sitt Svelgir. Boðið kom í kjölfar þess að Svelgir var valið til sýninga á Arte Laguna Prize í Feneyjum fyrr á þessu ári, en þar sýndu rúmlega hundrað listamenn verk sín.

Rósa hefur gert mikið af svonefndum svelgjum, stórum skúlptúrum sem eru prjónaðir eða heklaðir, þeir urðu til árið 2015. „Þá var ég í Ketilhúsinu á Akureyri þar sem er stór salur og opið á milli hæða þannig að hægt er að standa á efri hæðinni og horfa niður í salinn sjálfan. Mig langaði til að gera þarna stóra innsetningu og sá fyrir mér form sem eru eins og svelgir í jöklum. Nokkrum mánuðum síðar fékk ég sýningarpláss og bjó til snið með formum sem voru víð efst og þrengdust niður á við. Ég fékk hóp handverkskvenna til liðs við mig og þær höfðu frjálsar hendur um litaröðun og munsturgerð. Samstarfið skilaði fjórtán svelgjum, sumir voru allt að fjórir metrar að lengd.“

### Svelgir í gömlu klaustri

Svelgina hefur Rósa sett upp á fjórum stöðum innanlands. Þeir eru einnig komnir í útrás, hafa verið á sýningum á Norður-Írlandi, í Feneyjum og halda nú til Slóveníu þar sem þeir verða til sýnis í gömlu klaustri. Listahátíðin stendur í eina viku en myndlistarsýningarnar standa fram í september.

Rósa segir svelgina hafa vakið nokkra athygli. „Í myndlistarheiminum er talsverður áhugi á á textíl. Þetta er listform sem á sér djúpar rætur og er hluti af menningararfi allra þjóða. Textíllinn er tímalaus en í nútímamyndlist er verið að teygja þanþol hans og sýna hann í nýju ljósi en um leið geta allir auðveldlega tengt við hann.“

> ÞETTA ER LANGHLAUP ÞANNIG AÐ ÞAÐ GILDIR AÐ GEFAST EKKI UPP EF MANNI FINNST MAÐUR HAFA EITTHVAÐ AÐ SEGJA. EFTIR SAUTJÁN ÁR LÍÐUR MÉR EINS OG ÉG SÉ LOKS AÐ UPPSKERA.

„Ég trúi á fegurðina,“ segir Rósa. „Það skiptir mig miklu máli að það sem ég bý til sé fallegt.“ Fegurðin er einmitt mjög áberandi í textílverkum sem hún hefur unnið og sýna íslenskar lækningajurtir. Þar á meðal er verk sem er blómabeð. „Ég vann það þannig að ég tók myndir af jurtum, safnaði litaprufum, heklaði jurtirnar og bjó til blómabeð. Ég er hrifin af hinum fíngerða, veikburða styrk sem jurtir búa yfir,“ segir hún.

### Innsetning í Amsterdam

Rósa fór tiltölulega seint í listnám, var 35 ára þegar hún fékk inngöngu í Myndlista- og handíðaskólann og útskrifaðist 2001. „Þetta er langhlaup þannig að það gildir að gefast ekki upp ef manni finnst maður hafa eitthvað að segja. Eftir sautján ár líður mér eins og ég sé loks að uppskera,“ segir hún.

T.I.N.A. Art Prize er verkefni sem tengir saman listamenn og gallerí en listamenn senda myndir af verkum sínum og dómefnd velur síðan listamenn til samstarfs. Rósa hefur tvisvar sótt um þátttöku og fékk jáyrði í bæði skiptin. Í desember fer hún til Amsterdam og gerir innsetningu í tólf glugga í listagallerii. „Þetta eru djúpir gluggar sem snúa út að torgi og sumir þeirra eru tvisvar sinnum þrír metrar. Þetta verður heilmikil vinna sem ég er byrjuð á og samanstendur af hekluðum íslenskum lækningajurtum.“

Ýmis önnur verkefni eru á döfinni, þar á meðal þátttaka í samsýningu í Listasafni Árnesinga í ágúst. Sú sýning er tileinkuð Halldóri Einarssyni útskurðarmeistara og er efnt til samtals milli verka hans og verka nokkurra núlifandi listamanna. Þar sýnir Rósa textílskúlptúra en hún vinnur einnig að verkum þar sem hún blandar saman blýantsteikningu og útsaumi og þar koma lækningajurtir enn við sögu. Í febrúar á næsta ári sýnir hún í Gróttu og vorið 2019 er sýning í galleríi í Flórens. Margvísleg önnur verkefni eru einnig fram undan innan lands og utan.

Heimasíða Rósu er: rosasigrun.com.



**Rósa sýnir svelgi eins og þessa í Slóveníu.** MYND/PÁLL ÁSGEIR ÁSGEIRSSON



**Hér blandar Rósa saman teikningu og útsaumi.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Heklaðar jurtir og grös skapa þetta fallega blómabeð.** MYND/PEKKA ELOMAA

netto

# NÚ SKAL GLEÐJAST & GRILLA!




**HAMBORGARAR**
DRY AGED 8 X 120 G
1.594 KR/PK 8 STK




**LÚXUSGRILLPAKKI**
SÉRVALDAR LAMBA-GRILLSNEIÐAR MARINERAÐAR
1.244 KR/KG
ÁÐUR: ~~2.488 KR/KG~~




**LÚXUS GRÍSAGRILLPAKKI**
BÓGSNEIÐAR, HNAKKASNEIÐAR OG KÓTILETTUR
949 KR/KG
ÁÐUR: ~~1.898 KR/KG~~




**KJÚKLINGABRINGUR**
Í KRYDDMARINERINGU
2.158 KR/KG ÍSFUGL
ÁÐUR: ~~2.698 KR/KG~~




**GRÍSARIF**
FULLELDUÐ Í BBQ
798 KR/KG
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~




**BJÖRGRÍS KINNAR**
SOUS VIDE MARINERAÐAR
1.150 KR/KG
ÁÐUR: ~~2.300 KR/KG~~




**LAMBAINNLÆRISSTEIK**
3.198 KR/KG
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~




**LAMBALÆRISSTEIK**
BEINLAUS M/ ÍSL. KRYDDJURTUM
2.798 KR/KG GOÐI
ÁÐUR: ~~3.498 KR/KG~~

*GÓÐ MEÐ KJÖTINU!*




**PIPAROSTASÓSA**
270 ML - FRÁBÆR MEÐ STEIKINNI!
398 KR/PK
ÁÐUR: ~~489 KR/PK~~




**KALKÚNASNEIÐAR**
MEÐ ÍSLENSKUM KRYDDUM
1.959 KR/KG
ÁÐUR: ~~2.798 KR/KG~~




**GRÍSA T-BONE**
MEÐ TERIYAKI OG ENGIFER MARINERINGU
2.248 KR/KG
ÁÐUR: ~~2.498 KR/KG~~




**GRÍSAKÓTILETTUR**
PIPAR MARINERAÐAR
1.082 KR/KG
ÁÐUR: ~~1.665 KR/KG~~

*JARÐARBER*
*50% AFSLÁTTUR*




netto
Á NETINU

**Tilboðin gilda 5. júlí - 8. júlí 2018 www.netto.is**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss **www.netto.is**















Ana Stanicevic leiðir kvöldgöngu Borgarbókasafnsins um slóðir skáldsögunnar Mánasteins eftir Sjón. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. JÚLÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Krummi og hinir Alpafuglarnir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Hljómsveitin „Krummi og hinir Alpafuglarnir“, sem skipuð er fjórum hljóðfæraleikurum og íslenskri söngkonu, Ellen Freydísi Martin, leiðir saman gamlar íslenskar þjóðvísur sungnar á íslensku og tóna austurrísku Alpanna. Úr verður einstök blanda ólíkra tónlistarhefða og tónlistarstíla sem bæði gleður og örvar ímyndunarafl hlustandans.

**Hvað?** Hausar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Paloma, Naustunum
Hausar rúlla áfram fyrsta fimmtudagskvöld í hverjum mánuði á Paloma. Allt það nýjasta í drum & bass í bland við gamla klassík í Funktion-One kerfi!

**Hvað?** Plug & Play #9 á Boston
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Boston, Laugavegi
Plug & Play kvöld #9 á Boston verður haldið fimmtudaginn 5. júlí. Það er frítt og stútfullt kvöld af skemmtilegri „live“ tónlist.

**Hvað?** Olga Vocal Ensemble
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Vinaminni, Akranesi
Alþjóðlegi sönghópurinn Olga Vocal Ensemble heimsækir Akranes. Fjölbreytni í lagavali og tónlistarstíl ræður ríkjum í efnisvali Olgu-manna og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Hafa þeir félagar fengið mikið lof fyrir söng sinn og framkomu.

### Viðburðir

**Hvað?** Bókmenntaganga um skáldsöguna Mánastein eftir Sjón
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Grófinni
Ana Stanicevic leiðir kvöldgöngu Borgarbókasafnsins um slóðir skáldsögunnar Mánasteins eftir Sjón. Sagan gerist í Reykjavík árið 1918, í skugga Kötlugoss, spænsku veikinnar, frostavetrarins mikla og annarra hörmunga.



Það verður fjör í Hannesarholti í kvöld þegar Krummi og hinir Alpafuglarnir spila.

**Hvað?** Menningar- og heilsuganga: Keilir
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** ÓB við Fjarðarkaup, Hafnarfirði
Fjallagarparnir Valgeir Skagfjörð og Þorsteinn Jakobsson leiða göngu á Keili. Betra að vera vel skóaður. Safnast verður saman í bíla hjá ÓB við Fjarðarkaup. Gangan tekur um 2-3 klst.

**Hvað?** Sonur skóarans og dóttir bakarans eftir Jökul Jakobsson
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti
Leiklestur á síðasta leikriti Jökuls Jakobssonar. Jökull var ein skærasta stjarna íslensks leikhúss og skrifaði mörg leikrit. Hann dó á meðan æfingar á þessu verki stóðu yfir.

**Hvað?** Prjóna- og heklkaffi Laugardagsklúbbsins
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Litla prjónabúðin, Faxafeni
Konurnar í Laugardagsklúbbnum standa fyrir prjóna- og heklkaffi fyrsta fimmtudagskvöldið í hverjum mánuði í Litlu prjónabúðinni. Heitt á könnunni og allir velkomnir!

### Sýningar

**Hvað?** Opnun – Litka í sumarskapi
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Spönginni
Litka er félag fólks á öllum aldri sem sameinast í áhuga sínum á myndlist. Félagið var stofnað árið 2009 og hefur síðan þá haldið úti blómlegu starfi og sýnt á fjölmörgum stöðum. Litka hefur á að skipa rúmlega hundrað félagsmönnum, hópurinn er fjölbreyttur og einstaklingarnir með ýmiss konar bakgrunn. Fjölbreytnin endurspeglast gjarnan í samsýningum hópsins, en í sumar sýnir hópur félagsmanna vatnslitamyndir og olíumálverk á Borgarbókasafninu, Menningarhúsinu í Spönginni. Á sýningunni eru vatnslitamyndir og olíumálverk. Allir eru velkomnir.

**Hvað?** Einskismannsland: Leiðsögn listamanna
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Leiðsögn með Pétri Thomsen og Steinunni Gunnlaugsdóttur sem eiga verk á sýningunni Einskismannsland: Ríkir þar fegurðin ein? Á sýningunni er sjónum beint að verkum listamanna sem endurspegla tengsl Íslendinga við víðerni landsins og breytilegt verðmætamat gagnvart náttúrunni. Sýningin rekur sögu hugmynda Íslendinga um víðerni landsins með augum myndlistarmanna.

**Hvað?** Listamannaspjall
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Nýlistasafnið, Grandagarði
Nýlistasafnið býður ykkur velkomin á listamannaspjall með Kristínu Helgu Ríkarðsdóttur og Sögu Sigurðardóttur ásamt Becky Forsythe, safneignarfulltrúa Nýlistasafnsins, fimmtudaginn 5. júlí kl. 20.00. Spjallið er opið öllum.


PIER
ÚTSALA
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM!
PIER
Gildir 5. júlí - 11. júlí
Gildir ekki með öðrum tilboðum
SMÁRATORG KORPUTORG AKUREYRI SELFOSS



**LETHAL WEAPON**
KL. 21:20
Frábærir spennuþættir, byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.




**Frábær fimmtudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

**DECEPTION**
KL. 19:50
Léttur og skemmtilegur sakamálaþáttur um virtan sjónhverfingamann sem verður eitt helsta leynivopn bandarísku alríkislögreglunnar við lausnir á flóknum glæpamálum.




**NCIS**
KL. 20:35
Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




**CRASHING**
KL. 22:05
Sögusviðið er New York og við fylgjumst með hinum seinheppna Pete sem er staðráðinn í að hefja nýtt líf eftir að eiginkonan yfirgefur hann.




**FIFTY SHADES DARKER**
KL. 22:00
Dramatísk mynd sem er gerð eftir annarri bók E.L. James um hið sérstaka ástarsamband Anastasíu Steele og Christians Grey.



**BOARDWALK EMPIRE**
KL. 22:00
Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum. Wall Street var á mikilli uppleið en mörg glæpagengi spruttu fram.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Tommi og Jenni**
**07.40 Strákarnir** Sveppi, Auddi, Pétur Jóhann og meðreiðarsveinar þeirra, Hugi, Atli og Gunni, eru í banastuði um þessar mundir og láta gamminn geisa fjögur kvöld í viku frá mánudegi til fimmtudags. Meðal efnis hjá þeim eru hin gamla góða falda myndavél, áskoranir með nýju sniði, skjáauglýsingar, stjórnunin sívinsæla, íþróttafréttir í umsjá Gunna og svo koma að sjálfsögðu góðir gestir í heimsókn og láta strákana spila laglega með sig. Strákarnir á nýjum tíma, strax á eftir fréttum og Íslandi í dag; með sitt eigið Ísland í dag.
**08.05 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Í eldhúsinu hennar Evu**
**10.35 Sumar og grillréttir Eyþórs**
**11.05 The Heart Guy**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Going in Style**
**14.35 Kafteinn Ofurbrók: Fyrsta stórmyndin**
**16.05 Friends**
**16.30 Enlightened**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Sportpakkinn**
**19.00 Fréttayfirlit og veður**
**19.05 Modern Family**
**19.25 The Big Bang Theory**
**19.50 Deception**
**20.35 NCIS**
**21.20 Lethal Weapon** Önnur syrpa þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi, annar varkár og fer að öllu með gát en hinn lifir lífinu á ystu nöf, ná að vinna saman með einstökum árangri. Með aðalhlutverk fara Damon Wayans og Clayne Crawford.
**22.05 Crashing**
**22.40 Real Time with Bill Maher**
**23.35 Vice**
**00.05 The Tunnel: Vengeance**
**00.55 Killing Eve**
**01.45 Burðardýr**
**02.20 Girls**
**02.50 Partisan**
**04.25 Insecure**
**04.55 Going in Style** Gamanmynd frá 2016 með Morgan Freeman, Michael Caine og Alan Arkin. Þegar þrír aldnir æskuvinir, þeir Al, Willie og Joe, standa skyndilega uppi með vonda fjárhagsstöðu eftir að bankinn svíkur þá um lífeyri ákveða þeir að bregðast við með því að ræna bankann á móti. En fyrst þurfa þeir að undirbúa sig.

## STÖÐ 2 SPORT

**09.30 Sumarmessan**
**10.10 FH - Stjarnan**
**11.50 KA - Breiðablik**
**13.35 KR - Víkingur**
**15.30 Pepsímörkin**
**16.50 Þór - Þróttur**
**18.30 Premier League World**
**19.00 KR - Valur**
**21.10 Pepsi-mörk kvenna**
**22.10 Búrið**
**22.45 Sumarmessan**
**23.25 Formúla 1: Austurríki - Kappakstur**

## STÖÐ 3

**19.10 Man Seeking Woman**
**19.35 The Last Man on Earth**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Famous In Love**
**21.30 The Detour**
**21.55 Boardwalk Empire**
**22.55 The Simpsons**
**23.20 American Dad**
**23.45 Bob's Burger**
**00.30 The Last Man on Earth**
**00.55 Seinfeld**
**01.20 Friends**
**01.45 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13 Grettir**
**07.27 K3**
**07.38 Mæja býfluga**
**07.50 Tindur**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Pingu**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Ævintýraferðin**
**10.37 Hvellur keppnisbíll**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 Stóri og Litli**
**11.13 Grettir**
**11.27 K3**
**11.38 Mæja býfluga**
**11.50 Tindur**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.54 Pingu**
**13.59 Strumparnir**
**14.24 Ævintýraferðin**
**14.36 Hvellur keppnisbíll**
**14.48 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00 Stóri og Litli**
**15.13 Grettir**
**15.27 K3**
**15.38 Tindur**
**15.48 Mæja býfluga**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.54 Pingu**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Ævintýraferðin**
**18.37 Hvellur keppnisbíll**
**18.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00 Artúr og Minímóarnir**



**Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24**

## GOLFSTÖÐIN

**07.00 The National**
**12.45 PGA Highlights**
**13.40 Golfing World**
**14.30 KPMG Women's PGA Championship**
**18.45 PGA Special: This is Mackenzie Tour**
**19.05 Inside the PGA Tour**
**19.30 The Greenbrier Classic**
**22.30 Thornberry Creek LPGA Classic**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.05 Date Night**
**13.30 Grandma**
**14.50 Fantastic Beasts and Where to Find Them**
**17.00 Date Night**
**18.25 Grandma**
**19.45 Fantastic Beasts and Where to Find Them** Mögnuð ævintýramynd frá 2016 úr smiðju J.K. Rowling með stórgóðum leikurum. Þegar galdrapilturinn og fræðimaðurinn Newt Scamander kemur til New York árið 1926 í leit að töfraverum sem hann hefur einsett sér að rannsaka og bjarga þegar það á við veit hann ekki að stórhættuleg og kraftmikil vá vofir yfir borginni.
**22.00 Fifty Shades Darker**
**00.00 Southpaw** Spennumynd frá 2015 með Jake Gyllenhaal og Rachel McAdams í aðalhlutverkum. Hnefaleikamaður sem hefur unnið sig í fremstu röð gerir hrikalega dýrkeypt mistök eitt kvöldið sem leiða til algjörs hruns á ferli hans og einkalífi.
**02.05 Woodshock**
**03.45 Fifty Shades Darker**

## RÚV

**16.15 Sjóræningjarokk**
**16.55 Bitlarnir eða Rollingarnir**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lundaklettur**
**18.08 Einmitt svona sögur**
**18.20 Ronja ræningjadóttir**
**18.44 Flink**
**18.47 Tulipop**
**18.50 Vísindahorn Ævars**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Hinseginleikinn**
**19.55 Landsmót hestamanna 2018**
**20.15 Heimavöllur**
**21.10 Fangar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Lögregluvaktin**
**23.05 Gullkálfar**
**23.55 Leitin að ást í netheimum**
**00.45 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.40 The Tonight Show**
**09.20 The Late Late Show**
**10.00 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.25 King of Queens**
**12.50 How I Met Your Mother**
**13.10 Dr. Phil**
**13.50 American Housewife**
**14.15 Kevin (Probably) Saves the World**
**15.00 America's Funniest Home Videos**
**15.25 The Millers**
**15.50 Solsidan**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Man With a Plan**
**20.10 LA to Vegas**
**20.35 Flökkulíf**
**21.00 Instinct**
**21.50 How to Get Away with Murder**
**22.35 Zoo**
**23.25 The Tonight Show**
**00.45 24**
**01.30 Scandal**
**02.15 Jamestown**
**03.05 SEAL Team**
**03.50 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**04.40 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Birt með fyrirvara um innsláttar-/prentvillur og/eða myndbrengl.
Sjáðu öll tilboðin á byko.is
SUMAR
ÚTSALA
GRILLPRO
ADVANCING THE ART OF GRILLING
Útsöluverð
Gasgrill
Hefðbundið tveggja brennara gasgrill með hliðarborðum og efri hillu.
20.997
50657522
Almennt verð: 29.995
30% afsláttur
kílówött 7,3
brennarar 2
OUYAO
Útsöluverð
Sláttuvél
OY460P fjórgengismótor, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, 5 hæðastillingar, 60 lítra safnpoki.
30% afsláttur
24.496
53323130
Almennt verð: 34.995
Einhell®
40% afsláttur
Útsöluverð
Sláttuorf
GC-ET 3023 300W.
3.777
74830011
Almennt verð: 6.295
BOSCH
Útsöluverð
Rafhlöðuborvél
PSR 14,4 Li-2, 2x2,5 Ah.
25% afsláttur
19.495
74864116
Almennt verð: 25.995
BOSCH
Útsöluverð
Hekkklippur
AHS 50-16 rafmagnshekkklippur, 450 W, lengd blaðs 50 cm, bil milli tanna 16 mm.
30% afsláttur
11.896
74890008
Almennt verð: 16.995
Útsöluverð
Tjald
Tveggja manna tjald. 2x1,4x1 m, 1000 mm.
2.246
88015950
Almennt verð: 2.995
25% afsláttur
REIÐHJÓL OG FYLGIHLUTIR -30% • GARÐHÚSGÖGN -27% • BROIL KING GRILL -30% • FRÆ -40%
SLÁTTUVÉLAR -20-40% • RAFMAGNS- OG BENSÍNGARÐVERKFÆRI -20-40% • NAPOLEON
GRILL -30% • BLÓMAPOTTAR OG GARÐSKRAUT -35% • TIMBURBLÓMAKASSAR -25%
BLÓM, TRÉ OG RUNNAR -30% • FRÆ -40% REYKOFNAR OG ELDSTÆÐI -30% • GJØCO
INNIMÁLNING -25% • VERKFÆRABOX OG -SKÁPAR -30% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR -25%
EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRI -25% • HARÐPARKET -20% • LEIKFÖNG -35% •
LJÓS -25% • PLASTBOX -35% • FERÐAVARA -25% • FERÐATÖSKUR -35% • POTTAR,
PÖNNUR OG BÚSÁHÖLD -25% • TEXTÍLVÖRUR -25% • KÖRFUBOLTASPJÖLD -30%
BLÁ BOSCH VERKFÆRASETT -25% • LOFTASTIGAR -25% • BAÐFYLGIHLUTIR -25%
COFRA ÖRYGGISSKÓR OG FATNAÐUR -25% MOTTUR OG DREGLAR -25%
SALVIA ESPALE GIRÐINGAEININGAR -25% OG MARGT MARGT FLEIRA!
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land

# Hljóðspor sumarsins

Nú er nóg komið af væli í Sunnlendingum yfir veðrinu enda er það frábært alls staðar annars staðar á landinu. Hér verður farið yfir nokkur sumarlegustu lög allra tíma. Listinn er alls ekki tæmandi.



**Hljómsveit Ingimars Eydal**
**Vor í Vaglaskógi**
Þetta príma sumarlag heyrist nú um allan heim í flutningi Kaleo, en er alltaf best með nostalgíunni sem fylgir útgáfu hljómsveitar Ingimars Eydal.

**Hljómsveit Ingimars Eydal**
**Í sól og sumaryl**
Bjarki Tryggvason söng sig beint inn í sumar-hjarta þjóðarinnar og þetta lag er bara algjörlega ómissandi.



**Ice Cube**
**It was a good day**
Sumarfrí og allt gengur einhvern veginn upp. Reyndar reiknaði internetið út að dagurinn sem Ice Cube var að tala um var í janúar en það er alltaf sumar í Kaliforníu og því fær þetta að standa hér.



**Stuðmenn**
**Betri tíð**
Sumar æskunnar hér pressað saman í eitt lítið lag.



**Valli og Víkingarnir**
**Úti alla nóttina**
Þorgeir Ástvalds er þekktur fyrir annað sumarlag, en Lífið er hrifnara af þessu lagi með honum undir leyninafni.



**Páll Óskar og Milljónamæringarnir**
**Cuanto le gusta**
Páll Óskar og Millarnir gerðu haug af sumarlögum en það er eitthvað við þetta sem öskrar hiti og sviti.



**Bananarama**
**Cruel summer**
Svo eitt að lokum fyrir okkur hérna á Suðurlandinu sem búum við ákaflega grimmt sumar.



**Len**
**Steal my Sunshine**
Líklega besta sumarlag allra tíma og ekki skemmir fyrir að það er hálfgert „one hit wonder“ en kanadíska hljómsveitin Len gaf aldrei út þvílíkan smell aftur.



**Grease**
**Summer Nights**
Síðsumarslagarinn okkar hérna á Lífinu.



**Plánetan**
**Funheitur**
Þetta hvítramannafönk fírar upp í grillinu og kemur sumarpartíinu í blússandi gang.



**Mezzoforte**
**Garden Party**
Eitt fyrsta íslenska „meikið“ og opinbert sumarlag Evrópu sumarið 1983.



**Brunaliðið**
**Sandalar**
Laddi er ókrýndur konungur sumarlaganna.





**Bræðrabandalagið**
**Sólarsamba**
Það er ekki til neitt sumarlegra á Íslandi, ekki einu sinni sólin á himninum í júlí er sumarlegri en þetta lag. Já og orðið „bongóblíða“ varð vinsælt út af Sólarsömbunni.



**DJ Jazzy Jeff & The Fresh Prince**
**Summertime**
Þetta er svona eitt af þessum lögum sem maður verður að hlusta á að minnsta kosti einu sinni að sumri – annars er ekki sumar.



# Skipuleggjandi Fyre Festival tapar skaðabótamáli

Tveir gestir hinnar misheppnuðu tónlistarhátíðar Fyre Festival hafa unnið skaðabótamál sín gegn Billy McFarland, öðrum skipuleggjanda þessa stórslyss af hátíð. Fengu gestirnir í sinn hlut 5 milljónir dollara eða sem nemur um 537 milljónum íslenskra króna.

Þeir Seth Crrossno og Mark Thompson kærðu McFarland í maí. Þeir segjast hafa keypt VIP-pakka sem kostaði um 13 þúsund dollara, um eina og hálfa milljón króna, og segja að þeim hafi verið lofað alls kyns gúmmelaði eins og hágæða veitingum og gistingu. Þegar þeir mættu til Bahamaeyja þar sem hátíðin var haldin rak þá í rogastans – þeim var gert að gista í tjaldi og borða ódýrar samlokur.

Skaðabæturnar voru ætlaðar sem endurgreiðsla á kostnaði mannanna við að koma sér á hátíðina, þar sem allt gekk á afturfótunum og henni var að lokum aflýst, en einnig fyrir andlegan skaða sem mennirnir hlutu við að mæta á þessa dæmdu hátíð.



**Ja Rule kom að skipulagningu hátíðarinnar en þarf þó hvorki að borga skaðabætur né sitja í fangelsi.**

Þetta er ekki einu vandræðin sem skipuleggjandi hátíðarinnar lenti í en hann á yfir höfði sér 40 ára fangelsisvist fyrir að hafa afvegaleitt fjárfesta og fleira. Rapparinn Ja Rule skipulagði hátíðina með McFarlane en hann hefur þó sloppið að mestu við kærur.

Fyre Festival átti að fara fram í apríl árið 2017 en bókstaflega allt misheppnaðist í skipulagningu hátíðarinnar. Búast má við að fleiri hátíðargestir höfði mál gegn Billy McFarland eftir þennan dóm. – sþh



# HM með AUGA linsunnar

Klukkan hefur svo sannarlega slegið gleðitón í Rússlandi frá því að heimsmeistaramótið var flautað á. Lítið vesen en því meira stuð hefur einkennt mótið. Fréttablaðið tók saman nokkra góða stuðningsmenn í stuði innan vallar sem utan.



Það gat verið svolítið langt fyrir íslenska stuðningsmenn sem og aðra að fara á klósettið.



Tvær franskar dömur gera sig klárar fyrir leikinn gegn Argentínu.



Sænsk ljónynja syngur sig hása.



Stuðninsmenn Senegal prýddu mótið með söng og gleði og mikilli litadýrð.



Okkar fólk var landi og þjóð til sóma. Innan vallar sem utan.



Mexíkóar eru alltaf skemmtilegir og í stuði.



Það var enginn sem spáði Þjóðverjum heimferð eftir riðlakeppnina og þar eru menn þungt hugsi eins og þessi ágæti herramaður.



Japönsku stuðningsmennirnir kallast Samurai Blue. Hér er ein í stuði.



Perú var spáð góðu gengi. Þeir glöddu lítið inni á vellinum en meira utan hans.



Íslendingar eru fyrirferðarmiklir í erlendum myndabönkum enda fáir skemmtilegri en íslenskir stuðningsmenn erlendis.



Það var stuð í stúkunni hjá okkur Íslendingum í Rússlandi. Hér gegn Argentínu.



Ótrúlegt en satt, Englendingar hafa líka verið í stuði og ekki verið að sækjast eftir neinu veseni.

# Nýtt!

Smá kökur frá Myllunni
Ekkert smá góðar
-í útileguna




*Veldu smá:*
*Karamellukökur*
*Súkkulaðikökur*
*Möndlukökur*

# Fáðu þér smá kökur

**Möndlukakan frá Myllunni hefur verið fastagestur á heimilum landsmanna í langan tíma enda hefur Möndlukakan verið ein mest selda kaka Myllunnar frá upphafi.**

» Nú kynnum við með stolti nýja og betri uppskrift af smá Möndlukökum ásamt tveimur splunkunýjum tegundum, smá Karamellukökur og smá Súkkulaðikökur með súkkulaðiperlum. Fjórar flauelsmjúkar smá kökur eru saman í pakka og er smá köku fjölskyldan frá Myllunni tilvalin í ferðalagið, útileguna eða með kaffinu, strax í dag. Gerðu vel við þig og fáðu þér smá köku.

***— smá frá Myllunni bjargar deginum bragðaðu þær núna***

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

myllan.is




FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141



Amadeus borðstofuhúsgögn
Komið og skoðið úrvalið
Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is







Fyrir síðustu helgi var ákveðið að bæta við 3.000 miðum og hefur sú sala farið hratt af stað og eru þmiðarnir við það að klárast þegar þetta er skrifað. Upprunalega var gert ráð fyrir 18.500 tónleikagestum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Greiddu Guns N'Roses tónleikana fyrirfram

KSÍ vildi ekki leigja tónleikahöldurum Guns N'Roses Laugardalsvöll nema með fyrirframgreiðslu. Gangi verkefnið vel gæti það opnað risastórar dyr. Grasið verður verndað og skilað í fullkomnu ástandi.

Knattspyrnusamband Íslands bókaði í fundargerð sinni að einungis yrði gengið til samninga við tónleikahaldara bandarísku rokkhljómsveitarinnar Guns N'Roses með fyrirframgreiðslu og að upphæð tekna væri veruleg. Hvað völlurinn kostar er ekki gefið upp. „Samkomulag milli skipuleggjenda tónleikanna og KSÍ er trúnaðarmál,“ segir Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Solstice Production, sem stendur fyrir tónleikunum.

Björn segir að tekjur af tónleikunum eigi eftir að koma í ljós í lokauppgjöri en augljóslega sé ekki farið í verkefni af þessari stærðargráðu til þess að tapa fé. „Gangi verkefnið að óskum opnar það fjölmargar dyr fyrir frekara tónleikahald á Íslandi þar sem listamenn af svipaðri stærðargráðu gætu séð sér fært að koma fram hér á landi. Þá erum við að tala um listamenn sem hafa hingað til verið taldir ófáanlegir til tónleikahalds á Íslandi vegna smæðar markaðarins,“ segir Björn.

Tónleikarnir fara fram síðar í júlí og hefur verið hugsað út í hvernig eigi að vernda grasið á þjóðarleikvangnum þar sem tvö af 25 bestu landsliðum heims í karla- og kvennaflokki sparka bolta. „Grasið á Laugardalsvelli verður verndað með sérstöku gólfi af gerðinni Armor-Deck. Þetta gólf er í nokkurri hæð frá grasinu sjálfu, leyfir því að anda og hleypir í gegn sólarljósi og regnvatni, ef því er að skipta. Það gerir grasinu kleift að vaxa áfram á meðan á þessu tímabundna verkefni stendur og verður því vellinum skilað í fullkomnu ástandi að tónleikum loknum. Mikið vatn hefur runnið til sjávar í verndun á grasi þegar kemur að tónleikahaldi og styðjast aðstandendur tónleikaferðalagsins við allra nýjustu og bestu tækni í þeim efnum.“

Upprunalega var gert ráð fyrir 18.500 tónleikagestum með fyrirvara um að hægt væri að semja um að fleiri miðar væru settir í sölu ef aðstæður byðu upp á. Fyrir síðustu helgi var ákveðið að bæta við 3.000 miðum og hefur sú sala farið hratt af stað og eru þeir miðar við það að seljast upp þegar þetta er skrifað.

benediktboas@frettabladid.is

**MIKIÐ VATN HEFUR RUNNIÐ TIL SJÁVAR Í VERNDUN Á GRASI ÞEGAR KEMUR AÐ TÓNLEIKAHALDI OG STYÐJAST AÐSTANDENDUR TÓNLEIKAFERÐALAGSINS VIÐ ALLRA NÝJUSTU OG BESTU TÆKNI Í ÞEIM EFNUM.**

Björn Teitsson





Laugardaginn 1. september spila Sara Björk og stelpurnar okkar mikilvægasta leik kvennalandsliðsins í undankeppni HM gegn Þýskalandi.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

Sírius
85
ára




cocoa HORIZONS

# Finnur þú Gullna miðann?

Í tilefni af 85 ára afmæli Síríus höfum við falið fimm Gullna miða með gómsæta Nóa Síríus rjómasúkkulaðinu. Gullni miðinn gæti því leynst með uppáhalds súkkulaðinu þínu og þú gætir unnið **100.000 kr. ferðavinning frá Icelandair**.

***Síríus súkkulaði, svo gott í 85 ár.***

ICELANDAIR

NÓI SÍRÍUS

FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Benedikts Bóasar Hinrikssonar



# Ósýnilega höndin á þingi

Minn maður, Brynjar Níelsson, fer mikinn þessa dagana í að gagnrýna fjölmiðla. Slíkt er gott og nauðsynlegt.

Annar minn maður, GVA eða Gunnar V. Andrésson, hefur verið óþreytandi að benda á hvernig þrengt hefur verið að starfi blaðamanna og ljósmyndara. Það er áhugavert að hlusta á GVA því hann byrjaði jú að taka myndir nánast áður en elstu menn muna. Hann hefur því lifað tímana tvenna. Hann bendir meðal annars á að löggjafinn sé orðinn óþolandi. Það er nefnilega löngu byrjuð að myndast gífurleg gjá á milli þeirra sem telja sig vera opinbera starfsmenn og þeirra sem eiga að segja fréttir til hinna.

Lögreglan svarar ekki lengur í símann til að svara spurningum heldur sendir frá sér tilkynningar. Bannað er að mynda í réttarsal og á Alþingi og ef það er eldgos þá má ekki fara að skrásetja söguna. Vísindamenn mega það en ekki Ragnar Axelsson, RAX, sem hefur myndað öll eldsumbrot á landinu undanfarna áratugi. Þetta er bara brotabrot af öllu því rugli sem fjölmiðlamenn lenda í þegar kemur að opinberum starfsmönnum.

Það er pirringur meðal fjölmiðlamanna með alþingisfólk. GVA sagði það sjálfur. Alþingishúsið er orðið vondur staður að koma í. Alþingismenn og -konur eru að byggja sér risastóran fílabeinsturn og sjá ekki lengur niður. Komin úr öllum takt við samfélagið. Það var jú dýralæknir ráðinn í Vegagerðina.

„Það er komin einhver ósýnileg hönd, sem hefur þann mátt að setjast í ritstjórnarstól og hefur komið því inn hjá fjölmiðlum að þeim komi hlutirnir ekkert við,“ sagði GVA í viðtali í þessu blaði fyrir tveimur árum.


OPIÐ 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

HM Plattinn ásamt kökum á 3699 kr.



Pantaðu tímanlega á subway.is

SUBWAY

